

**Sp.**

## **398. Skýrsla**

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1983 um utanríkismál.

### **I. Inngangur.**

Sú skýrsla, sem ég legg hér fram, er hin fjórða í röðinni frá því að núverandi ríkisstjórn var mynduð hinn 8. febrúar 1980. Í stjórnarsáttmála hennar er eftirfarandi kafli um utanríkismál:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli“.

Ég hef alla tíð undirstrikað að í þessum ákvæðum fælust engin meiri háttar nýmæli og myndi því verða fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefði verið eftir á undanförunum árum. Hins vegar væri það alkunna, að einn aðili stjórnarsamstarfsins — Alþýðubandalagið — hefði í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum og væri sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Vardandi einstök atriði utanríkismálakafans skal þetta tekið fram:

Fylgt hefur verið þeirri stefnu að kanna vandlega öll helstu málefni, sem koma til umræðu og meðferðar á alþjóðavettvangi, og taka síðan afstöðu til hvers og eins. Við mótun þeirrar afstöðu liggur í hlutarins eðli að öryggishagsmunir okkar sjálfra og þess varnarbandalags lýðræðisþjóða, sem við eigum aðild að, hljóta að vera þungir á metaskálanum þegar afgreiða skal mál, sem beinlínis varða þessa hagsmuni. Á hinn bóginn eigum við svo einnig sama möguleika og aðrir til að koma okkar skoðunum á framfæri og eiga þannig þátt í að móta þá stefnu, sem síðan verður fylgt. Hið sama gildir einnig um sameiginlega stefnumótun Norðurlandanna. Þetta er í samræmi við þau lýðræðislegu vinnubrögð sem íslenska þjóðin hefur viljað hafa að leiðarljósi á sem flestum sviðum. Í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans hef ég látið ráðuneyti mitt fylgjast sérstaklega með starfsemi Norðurlandaráðs, þótt aðrir þættir norrænnar samvinnu komi reyndar fremur til kasta míns ráðuneytis en sjálft ráðið, sem er á ábyrgð þjóðþinganna á Norðurlöndum. Ennfremur hefur þátttaka okkar í starfsemi Sameinuðu þjóðanna verið eins öflug og unnt er með þeim takmarkaða mannafla, sem yfir er að ráða.

Á árunum 1980 og 1981 tókst að ná mjög vel viðunandi samningum við Norðmenn um Jan Mayen svæðið, bæði um afmörkun lögsögu, fiskveiði- og landgrunnsmál og ljúka á þann veg deilu, sem gæti hafa orðið alvarlegur hnekkir fyrir norræna samvinnu.

Ákvæði stjórnarsáttmálans um öryggismálanefnd og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum falla hvorugt undir mitt ráðuneyti og mun ég því ekki ræða þau nánar hér.

Bygging flugstöðvar á Keflavíkurlflugvelli er svo þekkt mál að óþarfi er að hafa mörg orð um. Áætlanir um þessa flugstöð hafa verið endurskoðaðar og eru raunar enn í endurskoðun, en ekki hefur enn fengist samkomulag allrar ríkisstjórnarinnar um að hefja framkvæmdir. Mótframlög Bandaríkjastjórnar vegna þessarar byggingar falla niður hinn 1. október næstkomandi verði framkvæmdir þá enn ekki hafnar.

Loks er í utanríkismálakafla stjórnarsáttmálans sagt að athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurlflugvelli. Um þetta atriði vil ég segja það, að reynslan af því, að hvert ráðuneyti hafði yfirstjórn síns málaflokks á varnarsvæðunum á fyrstu árum varnarliðsins hér, leiddi til þess að yfirstjórn þeirra allra var færð í utanríkisráðuneytið með stofnun varnarmáladeildar 1953. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að sú breyting hafi verið til mikilla bóta og varhugavert væri að stíga það spor til baka.

## II. Alþjóðamál.

Framvinda alþjóðamála á síðasta ári hefur um margt einkennst af nýjum áföllum. Sambúd austurs og vesturs hefur lítið sem ekkert batnað. Vígbúnaðarkapphlaup heldur áfram. Alþjóðlegt efnahagslíf er í meiri lægð en það hefur verið allt frá kreppunni miklu á fjórða áratugnum og veldur bæði auknum erfiðleikum þróunarríkja við að brauðfæða sífellt fleiri munna og ógnvekjandi atvinnuleysi í iðnríkjum. Virðingin fyrir stofnskrá Sameinuðu þjóðanna fer þverrandi, bæði í samskiptum ríkja sín á milli og samskiptum þeirra við einstaklinginn og svo mætti lengi telja.

Þótt myndin sé þannig að mestu í dökkum litum verður það þó að teljast jákvætt og gefa nokkrar vonir, að ýmsar samningaviðræður fara nú fram til að reyna að finna lausn á mörgum þessara vandamála.

Ég mun víkja að flestum þessara atriða í köflunum hér á eftir, en nokkra þætti er eðlilegast að koma inn á hér.

Í ársskýrslu sinni til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna á liðnu hausti lýsti framkvæmdastjóri samtakanna, Javier Perez de Cuellar, yfir sérstökum áhyggjum sínum vegna vaxandi virðingarleysis fyrir ályktunum öryggisráðsins og varaði við því að þjódir heims væru komnar hættulega nærri hengiflugi stjórnleysis í alþjóðasamskiptum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur því miður sjaldnast getað sameinast um aðgerðir til að knýja fram friðsamlega lausn deilumála eða stöðva átök, sem út hafa brotist, og má kenna því um að víða hafa eitt eða fleiri ríki með neitunarvald í ráðinu átt beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta. Enn alvarlegra er þó hitt, að nú færast í aukana að einróma samþykktir öryggisráðsins séu hafðar að engu af ýmsum ríkjum, sem af einni eða annarri ástæðu telja sér það óhætt vegna þess að samstaða Sameinuðu þjóðanna nái aðeins til orða en ekki athafna. Má í því sambandi minna á Argentínu í Falklandseyjastríðinu og Ísrael eftir innrásina í Líbanon.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda í september s. l. var þessi óheillaþróun til umræðu og var þá ítrekaður eindreginn stuðningur Norðurlanda við Sameinuðu þjóðirnar og aðgerðir sem miða að því að leysa milliríkjadeilur á friðsamlegan hátt samkvæmt grundvallarreglum stofnskrárinnar um virðingu fyrir fullveldi og stjórnmalalegu sjálfstæði

allra ríkja. Einnig var þar skorað á öll ríki að virða viðurkenndar alþjóðareglur um samskipti ríkja og ákveðið að kanna, og ræða við önnur ríki, hvernig auka mætti möguleika samtakanna til að gegna hlutverki sínu þegar átök eða deilur blossa upp. Allir norrænu utanríkisráðherrarnir fylgdu síðan þessari samþykkt eftir í ræðum sínum á allsherjarþinginu. Það má reyndar í þessu sambandi segja, að það er kaldhæðnislegt að sum þeirra ríkja, sem iðnust eru við að brjóta á öðrum ríkjum grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um fullveldi og stjórnmalalegt sjálfstæði allra ríkja, eru jafnframt fyrirferðarmest í tillöguflutningi um að festa í viðamiklum alþjóðasamningum atriði eins og þau að beita ekki valdi í alþjóða samskiptum.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur norður-suður málaflokkurinn, eða réttlátari skipting auðæfa jarðarinnar, verið mikið til umræðu og efnt hefur verið til umfangsmikilla ráðstefna til stefnumótunar. Árangurinn hefur því miður orðið sáraltill og kreppuástandið hefur reyndar valdið því að fjárstreymi til þróunarríkja hefur minnkað og hungrið þar aukist að sama skapi. Það er þó væntanlega öllum ljóst, að forsenda fyrir friði og öryggi í heiminum hlýtur að vera að úr þessu verði bætt.

Meðal fulltrúa og starfsmanna hjá Sameinuðu þjóðunum er sú skoðun almenn, að mikil lægð sé nú í pólitískum fjölþjóða samskiptum innan þessara alheimssamtaka. Er meginástæðan talin skortur á vilja af hálfu beggja risaveldanna til að notfæra sér Sameinuðu þjóðirnar eins og sáttmálinn gerir ráð fyrir. Sovétríkin hafi mestan áhuga á tvíhliða samkomulagi við Bandaríkin, en telji Sameinuðu þjóðirnar á hinn bóginn vera heppilegan öryggisventil í alþjóða samskiptum. Þar geti menn hellt úr skálum reiði sinnar og um leið borið fram áróður á auðveldan hátt. Núverandi ríkisstjórn í Washington virðist neikvæð gagnvart Sameinuðu þjóðunum og vill ekki beita sér innan samtakanna. Telja Bandaríkjamenn sig standa eina gegn hinum svonefnda innbyggða meirihluta aðildarríkja, þ. e. þróunarríkjahópnum og þeim ríkjum öðrum, sem oftast greiða atkvæði á sama hátt, og jafnframt að verulegum hluta af fé samtakanna sé eytt til starfsemi, sem þeir geti illa sætt sig við. Í framhaldi af því hófu Bandaríkjamenn á miðju síðasta allsherjarþingi, og í litlu eða engu samráði við aðra, flutning tillagna í hverju máli á fætur öðru, sem miða áttu að strangara aðhaldi með útgjöldum samtakanna. Fengu þeir fáa stuðningsmenn við þessar tillögur, þótt ýmsum þætti málefnið í sjálfu sér gott. Öllu þessu til viðbótar ríkir síðan óeining og jafnvel upplausn í ríkjahópnum, sem venjulega hafa staðið saman við afgreiðslu mála innan Sameinuðu þjóðanna.

Hinar gífurlegu verðhækkanir á olíu 1973 og aftur 1978—1979 áttu tvímælalaust stóran þátt í þeirri kreppu, sem efnahagslíf Vesturlanda á nú við að stríða. Samstaða OPEC er að verulegu leyti brostin og í kjölfarið virðist geta fylgt veruleg lækkun á olíuverði. Kaldhæðnin í þeirri þróun er þó sú, að verðfall á olíu gæti aukið á erfiðleikana, ekki aðeins hjá þeim ríkjum, sem flytja út olíuna — og meðal þeirra eru mörg þróunarríki — heldur einnig hjá fjölmörgum öðrum ríkjum, sem lagt hafa í miklar fjárfestingar í öðrum orkugjöfum eða vinnslu olíu við mjög erfiðar aðstæður.

Ég hef vikið að málefnum El Salvador og nokkurra annarra mið-Ameríkuríkja í fyrri skýrslum mínum og vil því til viðbótar segja, að þær kosningar, sem fram fóru í El Salvador á s. l. ári, hafa litlu breytt, eins og ég gekk reyndar út frá í síðustu skýrslu minni. Borgarastyrjöldin er í algleymingi, morð og pyntingar daglegt brauð og öll mannréttindi hundsud. Ísland hefur stutt ályktanir Sameinuðu þjóðanna um málefni El Salvador, sem m. a. skora á deiluaðila að taka upp viðræður til að leysa málin á friðsamlegan hátt. Meðan það er ekki gert má búast við áframhaldandi ógnaröld og minnkandi líkum á að beina megi þróun mála í lýðræðisátt.

### Samskipti austurs og vesturs.

Flest þau mál, sem nú eru efst á baugi, tengjast á einn eða annan hátt sambúð austurs og vesturs, bæði hernaðarleg og pólitísk og einnig í auknum mæli efnahagsleg. Lengi voru það Bandaríkin og Sovétríkin, sem gnæfðu yfir, en nánari efnahagssamvinna og síðar einnig pólitísk samvinna innan Efnahagsbandalags Evrópu eða Evrópubandalagsins hefur gert þetta bandalag að verulegu afli, sem bæði hefur áhrif á samskipti austurs og vesturs og vestur-vestur samskiptin, eins og sambúð Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra er stundum nefnd. Nægir að minna í því sambandi á deilur Bandaríkjamanna og ríkja Evrópubandalagsins um gasleiðsluna miklu frá Síberíu og um alþjóða viðskipti með niðurgreiddar landbúnaðarafurðir. Allar líkur benda þó til að risaveldin muni enn um ófyrirsjáanlega framtíð fara með langstærstu hlutverkin í alþjóðasamskiptum.

Þrátt fyrir innrás Sovétherja í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968 fóru fljótlega eftir það að batna samskipti vestrænna ríkja og ríkja austur-Evrópu. Stefna Sambandslýðveldisins Þýskalands um bætta sambúð við Þýska alþýðulýðveldið og önnur kommúnistaríki Austur-Evrópu var veigamikill þáttur í þessari þróun, þótt margt fleira kæmi þar að sjálfsgöðu til. Þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku komu saman til ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu og lauk henni sem kunnugt er árið 1975 með undirritun lokasamþykktar, þar sem m. a. er að finna ýmsar meginreglur sem ríkin vilji fylgja í samskiptum sínum við önnur ríki, þegna þeirra og eigin þegna. Einnig var á þessum fyrstu árum áttunda áratugarins ákveðið að efna til samningaviðræðna um gagnkvæman og réttskiptan samdrátt herafla í mið-Evrópu (MBFR). Þessi þíða í samskiptum austurs og vesturs olli því að vestræn ríki lögðu minna upp úr vígbúnaði en áður og áherslan á aðra málaflokka, svo sem félagslegar umbætur, jókst að sama skapi. Sams konar samdráttarstefnu var ekki fylgt í Sovétríkjunum. Þegar lengra kom fram á áratuginn fór það ekki lengur fram hjá neinum að Sovétríkin héldu áfram að vígbúast af fullu kappi þrátt fyrir bætta sambúð við vestræn ríki á flestum sviðum. Jafnframt fór að bera meira á ihlutun Sovétmanna eða fylgiríkja þeirra í ýmsum nýfrjálsum ríkjum Afríku og upp úr sauð með innrásinni í Afganistan að ekki sé talað um áhrif Sovétmanna á þróun mála í Póllandi.

Í Afganistan hefur meira en eitt hundrað þúsund manna herliði Sovétmanna mistekist að brjóta á bak aftur mótsþyrnu íbúanna, sem enn hafast við í landinu eða á landamærunum. Nær 4 milljónir manna eru flúnar til Pakistan og Íran og er þarna um að ræða eitt umfangsmesta flóttamannavandamál í heiminum í dag. Samningamaður Sameinuðu þjóðanna í þessu máli er að reyna að vinna að lausn, en enginn raunhæfur árangur hefur enn komið í ljós.

Þróun mála í Póllandi er öllum kunn. Þótt ýmsum þáttum herlaga hafi verið aflétt virðist lítið hafa breyst til batnaðar.

Það var sérstaklega einn þáttur í vígbúnaði Sovétríkjana á áttunda áratugnum sem olli vestur-Evrópubúum mestum áhyggjum. Það var endurnýjun eða öllu fremur bylting á sviði meðaldrægra kjarnavopnaflauga á landi. Til viðbótar og/eða í stað ónákvæmra, gamaldags eldflauga á föstum skotpöllum, sem lengi hafði verið beint að vestur-Evrópu, voru Sovétmenn farnir að setja upp hreyfanlegar, mjög nákvæmar SS-20 kjarnaflaugar, sem skjóta má úr á skotmörk í allt að 5 000 kílómetra fjarlægð. Í hverri flaug eru 3 kjarnahleðslur, sem senda má á mismunandi skotmörk og sprengikraftur hvernar þeirra jafnast á við 7 Hirosimasprengrur. Skotpallar þessara flauga verða ekki fyrir teljandi skaða þegar flaug er skotið á loft svo þess vegna væri ekkert því til fyrirstöðu að koma nýjum flaugum á pallana fljótlega eftir að fyrstu umferð hefði verið skotið.

Jafnvægi, ekki aðeins milli risaveldanna tveggja, heldur einnig og ekki síður í Evrópu, er forsenda þess að vopnavaldi eða hótunum um slíkt verði ekki beitt. Það er svo sorgleg staðreynd að um áratugi hefur verið leitast við að halda jafnvæginu með síauknum

vopnabúnaði í stað heiðarlegra samninga um niðurskurð er þjónað gætu sama tilgangi en jafnframt minnkað hættu á átökum og opnað leiðir til að beina miklu fjármagni að því að leysa yfirþyrmandi vandamál heimsbyggðarinnar.

Niðurstöður af umræðum innan Atlantshafsbandalagsins um eldflaugauppbyggingu Sovétríkjanna urðu sem kunnugt er þær, að í desember 1979 var ákveðið að koma fyrir í nokkrum vestur-Evrópuríkjum 108 Pershing II eldflaugum og 464 stýriflaugum til mótvægis við SS-20 flaugar Sovétmanna. Hinar fyrrnefndu myndu ná til Sovétríkjanna á álíka löngum tíma og SS-20 flaugar Sovétríkjanna til vestur-Evrópu, en hins vegar fara stýriflaugarnar miklu hægar og gætu því varla verið notaðar til annars en gagnsvara við hafinni kjarnavopnaárás. Þessi samsetning Pershing II og stýriflauga var þannig ákveðin sérstaklega til að undirstrika að þeim yrði eingöngu beitt í varnarskyni. Þarna var ekki ætlast til að um viðbót yrði að ræða, heldur endurnýjun, þar eð ætlunin er að fjarlægja jafnmörg eldri kjarnavopn frá vestur-Evrópu. Uppsetning á að hefjast undir árslok 1983 og ljúka á u. þ. b. 5 árum.

Þetta var aðeins annar þátturinn í ákvörðun Atlantshafsbandalagsins. Hinn var sá að Sovétmönnum yrði strax boðið til viðræðna um niðurskurð á meðaldrægum kjarnaflaugum eða Evrópukjarnaflaugum öðru nafni. Á þennan þátt hinnar tvíhliða ákvörðunar lögðu Íslendingar sérstaka áherslu. Viðræður þessar hófust loks hinn 30. nóvember 1981.

Þegar ákvörðun NATO var tekin höfðu Sovétmenn komið upp u. þ. b. 100 SS-20 eldflaugum, en nú er talið að þær séu a. m. k. 330. Hver þeirra ber 3 kjarnavopnahleðslur, sem skjóta má á 3 mismunandi skotmörk og meirihluta þeirra er beint að vestur-Evrópu. Þessar staðreyndir verður að hafa í huga, þegar mál þessi eru athuguð, og metin er ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá 1979, svo og viðhorf ríkisstjórna í vestur-Evrópu, sem m. a. komu fram á leiðtogafundinum í Bonn s. l. sumar. Hitt er staðreynd að í sumum vestur-Evrópuríkjum er vaxandi andspyrna á meðal almennings gegn uppsetningu kjarnavopnaflauga. Gætir þar ugglaut að einhverju leyti áhrifa frá ýmsum friðarhreyfingum.

### **Madridráðstefnan.**

Önnur ráðstefnan í framhaldi af Helsinkiráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu hófst í Madrid 11. nóvember 1980. Ráðstefnan hefur nú staðið á þriðja ár, en engar ákvarðanir verða teknar nema öll 35 þátttökuríkin séu sammála. Á þessu tímabili hafa fundir þó ekki staðið lengur en 49 vikur samtals.

Umræðurnar á ráðstefnunni á allsherjarfundum og fundum formanna sendinefnda hafa að verulegu leyti snúist um hinar mannlegu hliðar Helsinkisamþykktarinnar annars vegar og hernaðarhliðar öryggismálanna hins vegar. Vesturlönd hafa haldið uppi harðri gagnrýni vegna meintra brota Sovétríkjanna á lokasamþykktinni. Bar þar fyrst mest á gagnrýni út af innrásinni í Afganistan og margs konar brotum á mannréttindaákvæðum Helsinkisamþykktarinnar. Einnig voru gagnrýndar þær ráðstafanir pólskra stjórnvalda að setja herlög um miðjan desember 1981, í skjóli erlends valds, m. a. til þess að sporna við starfsemi frjálsu verkálýðshreyfingarinnar í Póllandi.

Sovésku fulltrúarnir og aðrir fulltrúar Varsjárbandalagsríkja hafa eindregið vísað allri gagnrýni á bug og halda því fram, að einstök gagnrýnisatriði séu óviðurkvæmileg íhlutun í innanríkismál hlutaðeigandi ríkis.

Vegna versnandi sambúðar stórveldanna hefur slökunarstefnan átt í vök að verjast undanfarin ár. Má því segja, að miðað við aðstæður hafi talsverður árangur náðst í Madrid og eru fulltrúar margra þátttökuríkja þeirrar skoðunar, að hægt verði áður en langt um líður að ná málamiðlunarsamkomulagi í Madrid um ágreiningsefni.

Eitt meginverkefni Madridráðstefunnar er að ganga frá umboði fyrir afvopnunarráðstefnu Evrópu — CDE —, er fjalli fyrst um aðgerðir til að efla traust og á síðara stigi um

vopnaeftirlit og afvopnun almennt, gefi fyrri hluti hennar ástæðu til áframhalds. Gert er ráð fyrir, að í umboðinu verði kveðið á um svæðið, sem aðgerðir þessar — CBM's — ná til. Auk þess verði í umboðinu ákvæði um, að aðgerðirnar verði hernaðarlega mikilvægar, bindandi og háðar eftirliti.

Samkvæmt Helsinkisamþykktinni þarf þátttökuríki, sem einnig á landsvæði utan Evrópu, aðeins að tilkynna heræfingar fyrirfram, ef efnt er til þeirra á svæði innan 250 kílómetra frá landamærum þess, sem snúa að eða eru sameiginleg með einhverju öðru evrópsku þátttökuríki.

Í raun og veru á þetta einungis við tvö þátttökuríkja, Sovétríkin og Tyrkland, en tilkynningu verður að gefa um meiri háttar heræfingar, sem efnt er til á landi einhvers þátttökuríkis Evrópu, með 21 dags eða lengri fyrirvara eða, ef æfingin er ákveðin með styttri fyrirvara, við fyrsta tækifæri áður en hún hefst. Meiri háttar heræfingar í þessu sambandi teljast þær vera þær sem meira en 25 þúsund manna landhersveitir taka þátt, hvort sem þær æfa sjálfstætt eða í samvinnu við flugher og flota.

Tilkynningaskyldan nær nú til allrar vestur-Evrópu, en einungis 250 kílómetra inn í Sovétríkin. Einnig nær hún til allra hinna austur-Evrópuríkja. Það er því eðlilegt, að vesturlönd vilji stækka svæðið og hafa Sovétríkin fallist á, að það ná austur að Úralfjöllum gegn videigandi stækkun út á Atlantshaf. Ágreiningur er þó enn um afmörkun þessa svæðis.

Til harðra orðaskipta og deilna kom milli austurs og vesturs, er Madridráðstefnan kom aftur saman á ný 9. febrúar 1982, aðallega út af ástandinu í Póllandi. Þar sem ekkert miðaði í samkomulagsátt var Madridráðstefnunni síðan, eins og kunnugt er, frestað til 9. nóvember 1982.

Hvort samkomulagið batnar milli stórveldanna getur enginn sagt fyrir á þessu stigi, en án þess er mjög hæpið, að viðunandi niðurstaða fáiast í Madrid. Takist samkomulag um endanlegt skipulag afvopnunarráðstefnu Evrópu, þ. á m. um víðáttu svæðisins, sem aðgerðir til að efla traust eiga að ná til, má búast við að hin ágreiningsefni leysist, því mörg þátttökuríkja vilja teygja sig nokkuð til þess að fá ákvörðun um, að afvopnunarráðstefna Evrópu verði haldin jafnhliða Genfarviðræðum stórveldanna um takmörkun meðaldrægra kjarnavopnaflauga í Evrópu.

Um miðjan desember 1981 lögðu hlutlausu ríkin fjögur, Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð, ásamt nokkrum óháðum ríkjum, fram formleg drög að lokaskjali Madridráðstefnunnar. Eru tillögur þessar grundvöllur að frekari samningaviðræðum í Madrid.

Er Madridráðstefnan hófst aftur í nóvember sl. lögðu vesturlönd fram nokkrar breytingartillögur við málamiðlunartillögur hlutlausra og óháðra ríkja. Breytingartillögur þessar fjalla aðallega um aukin mannréttindi, frjálsta starfsemi verkalýðsfélaga, trúfrelsi og rétt fréttamanna til starfa. Austur-Evrópuríkin eru yfirleitt á móti tillögum þessum, enda fjalla þær um meginágreiningsefni hinna mannlegu hliða Helsinkilokasamþykktarinnar.

Er fyrstu umræðu um breytingartillögurnar lauk stuttu fyrir jól var ráðstefnunni frestað til 8. febrúar 1983.

Ekki er enn vitað hvaða áhrif hinar nýju tillögur Varsjárbandalagsríkja um griðasáttmála og afvopnunarmálefni kunna að hafa á gang mála á Madridráðstefnunni, en erfitt er að meta stöðuna í dag. Reynt verður til hins ítrasta að ná sem fyrst samkomulagi um lokaniðurstöðu í Madrid, sem öll þátttökuríkin geti sætt sig við.

#### **Afvopnunarmál.**

Annað aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál var haldið á liðnu sumri. Því miður varð lítil raunhæfur árangur af þinginu, þótt ekki skuli það vanmetið að allir aðilar urðu sammála um, að ályktarskjal fyrsta afvopunarþingsins frá 1978, fyrsta og eina samfellda heildarályktunin um afvopnun, héldi fullu gildi og var þá ekki síst höfð í huga

forgangsröðun viðfangsefna á sviði afvopnunarmála, sem samþykkt var á fyrsta afvopnunarþinginu 1978. Ýmsar sjálfstæðar ályktunartillögur komu fram á þessu þingi, en þeim var síðan vísað til meðferðar á 37. allsherjarþinginu sl. haust, þ. á m. tillögu Mexíkó og Svíþjóðar um „frystingu“ kjarnavopnabirgða, sem vikið verður að hér á eftir.

Á þessu aukaallsherjarþingi kom enn einu sinni í ljós að Sameinuðu þjóðirnar eru fyrst og fremst vettvangur þar sem skapa má betri skilning á eðli afvopnunarmála og vekja þjóðir heims til umhugsunar um nauðsyn afvopnunar. Þar er góður grundvöllur til að ræða meginviðfangsefni og forgangsröðun verkefna, en framkvæmdahliðin, samningsgerðir um eftirlit með vígbúnaði og um afvopnunarmál, er mjög erfið í svo fjölmennum hópi. Þar hefur reynst betur að þeir aðilar, tveir eða fleiri, sem málin snúa mest að, semji sín á milli.

Annað einkenni á umræðum og ályktanagerð um afvopnunarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er áróðurskeimurinn af verulegum hluta tillagna, sem þar koma fram. Virðist alltof mörgum ríkjum vera meira í mun að auglýsa sig með umfangsmiklum tillögum, sem ómögulegt er að hrinda í framkvæmd og hafa eftirlit með, eða stefna að einhliða ávinningi, heldur en að leggja fram eða styðja heilshugar raunhæfar tillögur, sem dregið gætu úr vígbúnaði og hættu á árekstrum. Vék framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna reyndar að þessari tilhneigingu í ársskýrslu sinni til allsherjarþingsins á sl. hausti. Bæði ég og forverar mínir í starfi utanríkisráðherra höfum lagt áherslu á að meta slíkar tillögur af raunsæi í stað þess að veita gagnrýnislausan stuðning hverri þeirri ályktunartillögu, sem fram er sett undir yfirskini áhuga á afvopnunarmálum.

Afstæða íslensku fastanefndarinnar til tveggja af þeim nær 60 tillögum um ýmsa þætti afvopnunarmála, sem til afgreiðslu komu á síðasta allsherjarþingi, hefur nokkuð verið til umræðu hér á landi og sætt gagnrýni sumra. Eg tel því rétt að gera nokkra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem höfð voru til hliðsjónar þegar ákveðið var að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessi tvö mál, þ. e. ályktun um að öll ríki skyldu þegar í stað stöðva frekari framleiðslu kjarnavopna (frystingartillagan frá Svíþjóð, Mexíkó og Equador) og ályktunartillaga Sovétríkjanna o. fl. um bann við framleiðslu nifteindavopna.

Um frystingartillöguna er hægt að hafa fá orð og vísa að mestu til kaflans um samskipti austurs og vesturs og þess sem segir hér síðar um INF-viðræðurnar í Genf. Ég vil aðeins undirstrika að við höfum tekið þátt í tvíþættri ákvörðun NATO-ríkja að bregðast við þeirri nýju ógnun við öryggi vestur-Evrópu sem SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna eru, á þann hátt að ákveða að koma fyrir vopnum til varnar, en jafnframt að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun á meðaldrægum kjarnaflugum í Evrópu. Viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna voru hafnar og eru í fullum gangi. Að greiða þá atkvæði með frystingartillögu hefði verið túlkað á þá lund að verið væri að koma í bakið á bandamönnum okkar. Hjásetan bar hins vegar viðhorfi okkar til þessara mála vitni. Við erum andvígir framleiðslu og notkun kjarnavopna. Við leyfum engin kjarnavopn hér á landi. Danmörk hafði sömu afstöðu og Ísland við þessa atkvæðagreiðslu.

Nifteindavopn hafa verið til umræðu af og til sl. fimm ár. Bandaríkjamenn höfðu á þrjónunum að gera slík vopn og geyma þau á þeim stöðum í vestur-Evrópu þar sem helst væri hætt á skriðdrekaárásam. Fallið var frá þessum fyrirætlunum vegna ótta margra við að þessi vopn myndu valda því að gripið yrði til notkunar kjarnavopna fyrr en ella í hugsanlegum átökum. Bandaríkjamenn hyggjast þó allt að einu smíða slík vopn og geyma þau í Bandaríkjunum. Nú hafa Frakkar lýst því yfir að þeim sé tæknilega kleift að koma sér upp nifteindavopnum til varnar landi sínu og myndu gera það ef þörf yrði á. Frakkar eru ekki aðilar að sameiginlegum vörnum NATO, þótt þeir séu aðilar að bandalaginu sjálfu og ýmsu samstarfi innan þess.

Á undanförunum árum hafa Sovétmenn haft um það forgöngu á þingum Sameinuðu þjóðanna að þessi gerð kjarnavopna yrði fordæmd sérstaklega og hún bönnuð. Halda þeir

og ýmsir aðrir því fram, að þessi vopn séu ómannúðlegri og villimannslegri en önnur kjarnavopn vegna þess að þau drepi fólk en skaði ekki mannvirki.

Fulltrúar margra ríkja hafa á hinn bóginn talið að efnisleg rök skorti fyrir slíkri sérmeðferð á þessari tegund kjarnavopna. Þeir sem falla myndu fyrir slíkum vopnum væru óvinahermenn í sókn inn í önnur ríki, en væri venjulegum kjarnavopnum beitt til varnar myndu þau kosta stórar mannfórnir meðal almennings og gera víðáttumikil landssvæði óbyggileg um ófyrirsjáanlega framtíð. Á hinn bóginn eru mörg þessara ríkja þeirrar skoðunar að staðsetning nifteindavopna á mörkum austurs og vesturs kynni að draga úr greinarmun á kjarnavopnum og öðrum vopnum, eða lækka hinn svonefnda kjarnavopnaþröskuld, og því beri að forðast að koma þeim fyrir þar.

Ég hef andúð á þessari gerð vopna, eins og reyndar á svo mörgum öðrum, en á meðan ekki næst samkomulag um niðurskurð kjarnavopna, sem valdið geta þúsundfalt meiri skaða en þessi nifteindavopn, má segja að fullnægjandi röksemdir skorti til að taka þessi vopn út úr og fordæma þau sérstaklega. Á því sjónarmiði var sú afstaða byggð að sitja hjá við tillögu Sovétmanna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Við afgreiðslu í nefnd fékk þessi tillaga 59 atkvæði, 14 voru á móti, en 52 ríki sátu hjá, þ. á m. öll Norðurlöndin nema Finnland. Við áttum því samleið með mörgum og meiri hlutinn ekki stór.

Um tvíhliða og svæðisbundnar samningaviðræður, sem nú standa yfir, skal þetta sagt: MBFR-viðræðurnar í Vínarborg milli fulltrúa Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um gagnkvæman og réttskiptan samdrátt í herafla í mið-Evrópu hófust fyrir nær 10 árum. Þeim hefur miðað mjög hægt og engin merki sjást enn um það að samkomulag sé á næsta leiti, þótt aðilar séu sammála um mörg atriði, sem stefna beri að. Hvor aðili um sig hefur lagt fram drög að samningi og verður að vona að unnt sé að finna málamiðlun þar á milli. Það eru einkum tvö atriði, sem deilur standa nú um. Annað er spurningin um núverandi styrk Varsjárbandalagsríkja á samningssvæðinu og hitt er ákvæðin um eftirlit, sem hafa verður með framkvæmd samkomulagsins. Vesturveldin telja að Varsjárbandalagið hafi þarna 190 þúsund hermönnum fleira en þeir síðarnefndu viðurkenna og meðan ekki næst samkomulag um það atriði er lítil von á heildarlausn, því þetta hefur augljóslega í för með sér að ógerlegt er að fylgjast síðar með að farið sé eftir samningsákvæðum um fækkun.

Madridráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hefur haft til meðferðar tillögur um sérstaka afvopnunarráðstefnu Evrópu, þar sem ákveðnar yrðu ýmsar aðgerðir til að draga úr ófriðarhættu í Evrópu. Er vikið nánar að þessum málum í kaflanum um Madridráðstefnuna hér á undan.

Eins og kunnugt er vildi Bandaríkjaþing ekki staðfesta SALT II samkomulagið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem undirritað var árið 1979. Það samkomulag fól í sér vissar hömlur á kjarnavopnaforða risaveldanna, sem þau geta skotið hvert á annað heimsálfa á milli, en hins vegar lítinn sem engan raunverulegan niðurskurð. Eftir því sem best er vitað hafa þó báðir aðilar virt í verki þær hömlur sem samkomulagið gerði ráð fyrir. Núverandi Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að hann teldi SALT II samkomulagið alls ófullnægjandi og því yrði að hefja samninga að nýju, sem fælu í sér raunverulegan niðurskurð kjarnavopna, er risaveldin gætu skotið heimsálfa á milli. Þessar viðræður voru samkvæmt þessu nefndar START (Strategic Arms Reduction Talks) og hófust þær sl. sumar. Það verður að teljast kostur að viðræður eru nú samtímis í gangi um bæði þessa tegund kjarnavopnaflauga og Evrópukjarnavopnin (INF) því að það gerir mögulegt að vísa umræðum um vopnategundir, sem aðilar eru sammála um að falli ekki inn í annan viðræðurammann, til meðhöndlunar í hinum.

Tillögur Bandaríkjamanna í þessum START-viðræðum voru þær, að báðir aðilar skyldu fækka sprengihleðslum sínum á eldflaugum, sem þeir geta sent hvor á annan, úr u. þ. b. 7 500 niður í 5 000 fyrir hvorn. Af þessum 5 000 skyldu 2 500 hið mesta vera á eldflaugum,



sem staðsettar eru á landi. Jafnframt var lagt til að Bandaríkin og Sovétríkin skyldu hvort ríki um sig ekki hafa fleiri en 850 eldflaugar er senda má milli heimsálfa. Til þess að uppfylla þessi skilyrði þyrftu Bandaríkin að fækka í núverandi forða um helming en Sovétríkin um tvo þriðju hluta. Gagnrýni Sovétríkjanna á þessar tillögur byggir ekki síst á því að tillögur Bandaríkjamanna snúi fyrst og fremst að eldflaugum á landi, sem séu höfuðþátturinn í langdrægum kjarnavopnum Sovétmanna. Þeir hafa því lagt áherslu á að ekki verði um frekari fjölgun að ræða en auk þess verði samið um vissan samdrátt og takmarkanir.

Það er ekki útilokað að afleiðingar START-viðræðnanna gætu orðið þær, að báðir aðilar legðu aukna áherslu á að koma kjarnaflaugum fyrir í kaftátum til þess að treysta jafnvægið sín á milli. Þar með myndi hernaðarlegt mikilvægi hafsvæðanna í nágrenni við Ísland aukast og jafnframt umferð kaftáta búinna kjarnavopnum. Það gefur auga leið að slík þróun væri óæskileg og hættuleg fyrir Ísland og því hljóttum við að vonast til að niðurstöður START-viðræðnanna leiði til svo mikillar fækkunar í vopnabúrum risaveldanna að ekki aðeins kjarnavopnum á landi heldur einnig í kaftátum verði verulega fækkað frá því sem nú er.

Fyrir þjóðir vestur-Evrópu eru niðurstöður INF-viðræðnanna jafnvel enn mikilvægari en niðurstöður START-viðræðnanna. Eins og ég hef getið um hér áður hófust INF-viðræðurnar loks í Genf hinn 30. nóvember 1981. Bandaríkjamenn hafa lagt þarna fram æði róttækar tillögur, sem sagt að bæði Sovétríkin og Bandaríkin sættust á að hafa alls engar meðaldrægar eldflaugar á landi. Það myndi þýða fyrir Sovétríkin, að þau yrðu að taka niður og eyðileggja allar SS-20 eldflaugar sem þau hafa komið sér upp, svo og eldri SS-4 og SS-5 flaugar. Sovétríkin hafa vísað þessum hugmyndum á bug sem hreinni fjarstæðu og ýmsar raddir hafa einnig heyrst á vesturlöndum sem að nokkru taka undir viðbrögð Sovétmanna, en þá er það oftast undanskilið að Sovétmenn fái að halda einhverjum af sínum meðaldrægu kjarnaflaugum gegn því að einhverjum hluta hinna 572 flauga NATO verði komið upp til mótvægis og/eða eitthvert tillit verði tekið til kjarnaflauga Breta og Frakka.

Ég hlýt fyrir mitt leyti að taka undir það að æskilegasta niðurstaða INF-viðræðnanna væri sú, sem Bandaríkjamenn hafa gert tillögu um og öll bandalagsríki þeirra hafa margoft lýst stuðningi við. Náist hún ekki fram hlýtur næsti kostur að vera að semja um svo mikla fækkun á uppsettum og áætluðum eldflaugum á báða bóga sem frekast er unnt. Grundvallarhugmynd Sovétmanna sýnist vera sú, að þeir eigi að fá samningsbundinn rétt til a. m. k. jafnmikils vígbúnaðar og ekki aðeins hitt risaveldið, Bandaríkin, heldur öll hin stórveldin, sem neitunarvald hafa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna samanlagt, þ. e. Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Kína.

Góður árangur í þessum viðræðum, sem ég hef rakið hér að framan, getur orðið traustur grundvöllur að friðsamlegri framvindu heimsmála og frekari samdrætti í vígbúnaði. Við Íslendingar leggjum áherslu á að svo megi verða, eins og við styðjum ætíð heilshugar allar tilraunir til að ná raunhæfum árangri á sviði afvopnunarmála, árangri, sem byggist á gagnkvæmum samningum með tryggju eftirlitskerfi. Þannig teljum við að mestar vonir séu til þess að ná þeim áfanga að hvert ríki hafi aðeins þann lágmarksvígbúnað, sem það þarfnast til sjálfsvarnar eitt sér eða með öðrum ríkjum í samræmi við ákvæði stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

#### **Austurlönd nær.**

Í hart nær fjörutíu ár hafa Miðausturlönd verið aðalvettvangur deilna og átaka í heiminum og nokkrum sinnum verið aðalógnunin við heimsfriðinn. Ástandið hefur lengst af einkennst af þrætum Ísraelsmanna og Araba og gerir reyndar enn. Í þessum heimshluta er að finna verulegan hluta þeirrar olíu, sem vitad er um í heiminum, og án þess orkugjafa geta iðnríki Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Japan, ekki verið. Rétt er að hafa þetta atriði í huga þegar litið er á þá staðreynd, að átökin í þessum heimshluta hafa á vissan hátt breiðst út

til Afganistan, þar sem ófriður ríkir eftir innrás Sovétmanna í landið, og Írans, sem stendur í styrjöld við grannríkið Írak. Má segja að innrás Sovétmanna í Afganistan og ástand það, sem skapaðist í Íran eftir að keisaranum var vikið frá, hafi hvort tveggja raskað jafnvæginu í Austurlöndum nær.

Í skýrslu minni í fyrra vék ég að því að hætta væri á að Ísrael gripi til meiriháttar hernaðaraðgerða gegn Palestínuskæruliðum í Suður-Líbanon með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Innrás Ísraels í Líbanon síðastliðið sumar varð mun kröftugri en nokkurn hafði óráð fyrir og hafði í för með sér ómælanlegar hörmungar fyrir íbúa Líbanons, bæði af líbónskum og palestínskum uppruna. Höfuðborgin Beirút, sem var illa farin fyrir, varð að mestu leyti rjúkandi rúst eftir átök Ísraelshers og skæruliðahreyfingar PLO. Áskoranir öryggisráðsins um vopnahlé og að Ísraelsmenn drægju her sinn til baka frá Beirút voru að engu hafðar. Er þetta enn eitt dæmið um það, hvernig ríki virða ályktanir öryggisráðsins að vettugi.

Líbanon er enn hersetið af Ísraelsmönnum og Sýrlendingum. Friðarviðræður eru hafnar milli Líbanons og Ísraels með þátttöku Bandaríkjanna, en mikið ber á milli.

Aðför Ísraelsmanna að Palestínumönnum síðastliðið sumar hefur orðið til þess að einangra Ísrael enn meira á alþjóðavettvangi en áður og hafa þeir eflaust aldrei fyrr verið jafnvinafáir og nú. Þetta er orðið öðruvísi en áður var meðan Ísrael var að berjast fyrir tilverurétti sínum og naut m. a. samúðar alls þorra vestrænna ríkja.

Það er orðin knýjandi nauðsyn að heildarlausn fái á deilumálum í Miðausturlöndum. Við álitum enn sem fyrr að ályktanir öryggisráðsins nr. 242 og 338 séu sá grundvöllur, sem slík lausn verði að hvíla á. Nauðsynlegt er að allir aðilar á þessu svæði fallist á ákvæði þessara ályktana, þar á meðal um rétt allra ríkja á svæðinu til að fá að lifa í friði innan viðurkenndra landamæra.

Atburðir liðins sumars áttu einkum þátt í því að minnstu munaði að nokkur múhamedstrúarríki fengju því framgengt að Ísrael yrði vikið úr Sameinuðu þjóðunum. Var komið í veg fyrir brottvikningu Ísraels úr samtökunum, m. a. fyrir atbeina Norðurlandanna fimm, en þau hafa ávallt stutt aðildarrétt allra ríkja að Sameinuðu þjóðunum, svo og að sérstofnunum þeirra.

Á síðastliðnu ári komu fram nýjar hugmyndir um lausn á vandamálum Palestínuaraba, bæði frá Bandaríkjamönnum og fundi leiðtoga arabaríkja í Fez. Hugmyndir Bandaríkjamanna um sjálfsstjórn Palestínumanna á Vesturbakkanum og á Gazasvæðinu gegn viðurkenningu þeirra á Ísrael virðast allrar athygli verðar og sama má reyndar segja um viss atriði í tillögum arabafundarins. Stjórn Ísraels hefur þó tekið treglega í þessar hugmyndir og stefna hennar um að fjölga byggðum Gyðinga á Vesturbakkanum lofar allt öðru en góðu. Þeir hafa því mikið til síns máls sem vilja að Bandaríkjamenn beiti Ísraelsstjórn þrýstingi til að taka raunhæfa afstöðu og noti tækifærið nú meðan jarðvegur er fyrir hugsanlegt samkomulag um framtíð Palestínuaraba og þar með heildarlausn í deilumálum í Miðausturlöndum.

### **Sunnanverð Afríka.**

Lítið hefur miðað í átt til samkomulags um málefni Namibíu. Sambandsnefnd hinna 5 vestrænu ríkja (Bandaríkjanna, Kanada, Bretlands, Frakklands og V.-Þýskalands) heldur enn áfram að reyna að fá Suður-Afríkustjórn til að hrinda í framkvæmd 5 ára gamalli áætlun um frjálssar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og um sjálfstæði Namibíu með friðsamlegum hætti. Áætlun þessi er í samræmi við samþykkt öryggisráðsins nr. 435 frá árinu 1978. Þetta er sú málsmeðferð sem Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, hefur stutt í hvívetna. Við höfum t. d. ekki stutt þau sjónarmið á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna sem gera ráð fyrir að öllum ráðum sé beitt til að þrýsta á stjórn Suður-Afríku, þar á meðal vopnavaldi, enda er slíkt ekki í anda stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Það, sem gert hefur málið erfiðara viðfangs fyrir vestrænu ríkin 5, er sú afstaða Suður-Afríkustjórnar að tengja framkvæmd áðurnefndrar áætlunar Sameinuðu þjóðanna brottkvaðningu kúbanskra hermanna frá nágrannaríkinu Angóla.

Um ástandið í Suður-Afríku er litlu við að bæta frá því sem áður hefur verið gerð grein fyrir í skýrslum mínum til Alþingis. Ísland fordæmir að sjálfsögðu sem áður kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku og styður þá skoðun að halda eigi uppi sem mestum þrýstingi á stjórn Suður-Afríku á alþjóðavettvangi.

### **III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.**

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana og svæðasamtaka var á undanfögnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök er fást við málefni, sem hafa verið og eru meginstöðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið, en jafnframt verður að þessu sinni stuttlega vikið að tveimur alþjóðastofnunum, Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og Alþjóðavinnuálagstofnuninni. Síðan verður í sérstökum kafla fjallað um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

#### **Sameinuðu þjóðirnar.**

Veigamiklum alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins, eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 37. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þeirra og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirsvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar, og sendiráð í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

#### **Alþjóðaheilbrigðisstofnunin.**

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin var stofnuð 7. apríl 1948 og hafa Íslendingar verið aðilar síðan 31. maí sama ár. Stofnunin starfar að ráðgjöf þar sem ríkjum er leiðbeint við að bæta og auka heilbrigðisþjónustu, sérfræðingar skipuleggja baráttu gegn ýmsum landlægum sjúkdómum (svo sem ýmsum hitabeltissjúkdómum) og aðstoða við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og þjálfun starfslíðs í viðkomandi löndum. Þá safnar stofnunin upplýsingum um alþjóða heilbrigðismál og vinnur úr þeim skýrslur svo sem um krabbamein, hjartasjúkdóma og geðveiki. Stofnunin fylgist með reynslu af lyfjum og gefur út alþjóðlega lyfjaskrá. Einn stærsti áfanginn í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar var útrýming bóluóttar, sem lýst var yfir 1980. Alþjóðaheilbrigðisþingið kemur saman árlega og markar stefnu stofnunarinnar. Meginverkefni þingsins 1982 var staðfesting á verkefninu „Heilsa fyrir alla árið 2000“ og var í því sambandi jafnframt samþykkt 7. verkefnaskrá stofnunarinnar 1984—89. Fram-

kvæmdastjórn sem skipuð er fulltrúum 30 landa kemur saman tvisvar á ári og gerir áætlun um framkvæmd á samþykktum þingsins. Nú er unnið að kosningu fulltrúa Íslands í sæti Norðurlanda í stjórninni. Samskipti Íslands við stofnunina hafa verið allnáin, einkum hin síðari ár, og fjölmargir starfsmenn við heilbrigðisþjónustu hafa notið styrkja til starfsþjálfunar og komið hafa til landsins sérfræðingar frá stofnuninni til ráðgjafar. Þá hefur stofnunin í auknum mæli leitað til íslenskra sérfræðinga.

#### **Alþjóðavinnuálastofnunin.**

Alþjóðavinnuálastofnunin var sett á stofn 11. apríl 1919 og varð ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna árið 1946, Ísland gerðist aðili að stofnuninni 17. apríl 1948. Í inngangsorðum að stofnskrá segir að varanlegur friður í heiminum grundvallist á félagslegu réttlæti og því sé það hlutverk stofnunarinnar að vinna að fastri skipan um vinnutíma og sæmileg laun, gera ráðstafanir til að tryggja jafna atvinnu, vernd gegn atvinnusjúkdómum og slysum og almennt að vinna að bættingum lífskjörum verkalýðs. Þá er einnig lögð áhersla á frelsi til að stofna félög, svo sem verkalýðsfélög og iðnfélög, og myndun samtaka er miði að fræðslu um tæknileg og iðnfræðileg efni. Árleg ráðstefna markar stefnu stofnunarinnar og eiga sæti í henni 4 fulltrúar frá hverju landi, þar af eru 2 fulltrúar ríkisstjórna, 1 fulltrúi atvinnurekenda og 1 fulltrúi verkamanna. Stofnunin safnar saman upplýsingum um verkalýðsmál og eru samþykktir þinganna mikið notaðar sem fyrirmyndir við lagasetningar um verkalýðsmál.

#### **Norðurlandasamvinna.**

Samstarf Norðurlandanna er bæði margþætt og náíð svo sem kunnugt er og er því oftast þannig farið að beint samband er á milli aðila á hverju starfssviði. Þetta samstarf telst ekki nema að takmörkuðu leyti til utanríkismála og svo náíð samstarf sjálfstæðra ríkja á sér varla hliðstæðu í heiminum. Þetta er atriði sem rétt er að komi skýrt fram, því stöku sinnum virðist það gleymast. Mikil og gagnleg samvinna Norðurlanda á alþjóðavettvangi, t. d. innan Sameinuðu þjóðanna, er einnig sérstæð, eins og ég hef áður vikið að í skýrslum til Alþingis, og hlýtur hin norræna samvinna jafnan að vera ein þeirra meginstöða sem íslensk utanríkisstefna hvílir á.

Enda þótt skoðanir Norðurlandanna fari mjög oft saman í alþjóðamálum er ekki ávallt samstaða um einstaka þætti þeirra. Það sem einkum greinir Norðurlöndin að er öryggis- stefna þeirra, en hún á rætur sínar að rekja til ólíkra aðstæðna sem leitt hafa til mismunandi aðferða Norðurlanda við að tryggja öryggi sitt.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa um alllangt skeið starfrækt sendiráð á Íslandi. Síðastliðið haust bættist Finnland í hópinn, en áður var fyrirvar Finnlands á Íslandi í höndum sendiherra Finnlands í Osló. Það er vissulega fagnaðarefni að nú skuli Norðurlöndin fjögur hafa hér sendiráð og bjóðum við sendiherra Finnlands sérstaklega velkominn. Finnskt sendiráð á Íslandi á án efa eftir að stuðla að enn betri samskiptum Finnlands og Íslands. Fyrirvar Íslands í Finnlandi verður áfram hjá sendiráðinu og sendiherra okkar í Svíþjóð, þar til ákvörðun kann að verða tekin um annað.

Pegar þetta er ritað virðist samkomulag vera í auglýsingu um aðild Færeyja, Grænlands og Álandseyja að Norðurlandaráði, þannig að þau fái eigin sendinefndir, sem verði innan sendinefnda viðkomandi ríkja. Því ber að fagna að viðunandi lausn fæst á þessu viðkvæma máli.

### **Evrópuráðið.**

Árið 1982 starfaði Evrópuráðið að venju í tveim deildum, ráðherranefnd utanríkisráðherra og varamanna þeirra, fastafulltrúanna og ráðgjafarþingi þingmanna, sem kosnir eru af þjóðþingum aðildarríkjanna. Ráðgjafarþingið hefur ekki löggjafarvald en er tillögubært til ráðherranefndar, sem tekur ákvarðanir í formi ályktana, tillagna og samninga. Alþingi fer sjálft með málefni þingsins og tel ég því ekki ástæðu til að rekja hér sérstaklega störf þess. Án efa munu fulltrúar Alþingis leggja fram sérstaka greinargerð á svipaðan hátt og á s. 1. ári.

Nánast öllum málum Evrópuráðsins er vísað til ráðherranefndarinnar. Er hér um að ræða margvísleg málefni, en málaflokkar eru eftirfarandi: stjórnsmál, mannréttindamál, réttarleg mál, efnahags- og þjóðfélagsmál, menntunar-, menningar- og íþróttamál, æskulýðsmál, umhverfismál og sveitarstjórnarmál og stjórnunarmál Evrópuráðsins. Innan hvers málaflokks starfa sérfræðinganefndir samkvæmt sérstakri starfsáætlun og má sem dæmi nefna að á sviði menningarmála er unnið að 6 aðalverkefnum, þ. á m. er menning í fjölmiðlum, umbætur og þróun á sviði háskólamenntunar og þróun fullorðinsfræðslu. Íslenskir sérfræðingar starfa í nefndum á öllum sviðum Evrópuráðsins og er ekki að efa að ávinningur er af því samstarfi.

Eins og oft áður hafa störf Evrópuráðsins á sviði mannréttindamála vakið mesta athygli, enda er virðing fyrir mannréttindum hornsteinninn að starfi Evrópuráðsins. Öll aðildarríkin hafa undirritað mannréttinasáttmála Evrópuráðsins, og mannréttindaákvæði eru í stofnskrá. Samkvæmt 24. grein hans er heimilt að stefna ríkisstjórnnum fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins og Mannréttindadómstólinn.

Hinn 1. júlí 1982 lögðu fimm aðildarríki Evrópuráðsins fram kærur til mannréttindanefndar á grundvelli 24. greinar Mannréttinasáttmálans. Danmörk, Frakkland, Holland, Noregur og Svíþjóð kærðu ríkisstjórn Tyrklands fyrir brot á ýmsum mannréttindaákvæðum. Með því að undirrita mannréttinasáttmálann er Tyrkland skuldbundið að svara kærur fyrir mannréttindabrot og var ríkisstjórn Tyrklands gefinn frestur til þess. Kærurnar eru í meðferð mannréttindanefndarinnar, sem mun úrskurða lögmæti þeirra og leggja þær eftir atvikum fyrir Mannréttindadómstólinn.

Ráðherrafundur ályktuðu um ýmis pólitísk mál sem á döfinni voru á árinu, svo sem Falklandseyjamálið, Afganistan, Pólland og Líbanon, en auk þess voru miklar umræður um öryggismálaráðstefnuna í Madrid.

Framkvæmdasjóður Evrópuráðsins bætti fjárhagsstöðu sína á árinu um 35% skv. ársskýrslu sjóðsins. Framkvæmdasjóður heldur árlega einn fund í einu aðildarríkjanna og var fundurinn haldinn á Íslandi í júní 1982. Einnig komu tvær nefndir ráðgjafarþingsins til Íslands til fundarhalds, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndin og vísinda- og tækninefndin.

## **IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.**

Í þeim skýrslum, sem ég hef gefið Alþingi á undanförunum árum, eru sett fram helstu sjónarmið mín varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og hlutverk landsins í varnardejgunni. Þau eru enn í fullu gildi, en ég tel rétt að ítreka það, að innan bandalagsins leggjum við höfuðáherslu á að öryggi okkar og bandamanna okkar í vestrænum ríkjum verði að tryggja og jafnframt að það verði best gert með heiðarlegum samningaviðræðum, er stefni að stöðugleika með svo takmörkuðum vígbúnaði sem frekast er unnt.

Á s. 1. sumri var haldinn í Bonn fundur æðstu manna í ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Þar var lýst yfir samstöðu bandalagsríkjanna og vilja þeirra til að standa vörð um frelsi sitt og

arfleifð, með þeim viðbúnaði, sem til þyrfti, en það jafnframt undirstrikað að markmiðið væri stöðugleiki með svo takmörkuðum vígbúnaði á hvora hlið sem frekast væri unnt. Ítrekað var að bandalagsríkin óskuðu eftir góðri sambúð við Sovétríkin og önnur ríki austur-Evrópu en hlytu hins vegar að ætlast til þess að þau fylgdu grundvallarreglum í samskiptum ríkja, virtu mannréttindi og hervæddust ekki langt umfram eðlilegar varnarþarfir.

Leiðtogafundurinn lýsti yfir því að engin vopn bandalagsins yrðu nokkru sinni notuð nema til varnar gegn árás. Tilgangur bandalagsins væri að koma í veg fyrir styrjöld og leggja grundvöll að varanlegum friði, jafnframt því að tryggja lýðræði. Skorað var á Sovétríkin að samþykkja verulega fækkun langdrægra kjarnavopna Bandaríkjamanna og Sovétmanna í START-viðræðunum, lýst stuðningi við þá stefnu Bandaríkjamanna í INF-viðræðunum að engar meðaldrægar eldflaugar yrðu í Evrópu og staðfestur vilji Atlantshafsbandalagsríkja á samdrætti í herafli í mið-Evrópu og aðgerðum til að auka gagnkvæmt traust í álfunni.

Í byrjun október komu utanríkisráðherrar NATO-ríkjanna saman til óformlegs fundar í Kanada og var þar einkum fjallað um efnahagsleg samskipti við ríki Varsjárbandalagsins. Voru ráðherrarnir sammála um að eðlileg viðskipti við ríki austur-Evrópu væru æskileg og öllum til hagsbóta. Hins vegar yrði að sýna varkárni í sölu á vörum, sem gætu haft mikilvæga hernaðarlega þýðingu og þannig skaðað öryggishagsmunum vestrænna ríkja. Einnig yrðu lánskjör og aðrir skilmálar að vera í samræmi við það sem almennt gerðist í viðskiptum þjóða á milli. Var ákveðið að fjalla betur um þessi mál og samræma stefnuna á næsta vorfundi ráðherranna þegar fyrir lægju niðurstöður á athugunum er nú fara fram í fjölþjóðlegum viðskiptastofnunum, sem Atlantshafsbandalagsríkin eiga aðild að.

Á undanförunum árum hafa verið tíðir samráðsfundir innan Atlantshafsbandalagsins um stefnumörkun í afvopnunarmálum, ekki síst varðandi START og INF viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna. Eins og ég vík að annars staðar í þessari skýrslu snerta INF-viðræðurnar öryggishagsmunum vestur-Evrópu mjög náið. Sérstök ráðgjafarnefnd er starfandi í þessu máli og gera Bandaríkjamenn þar bandamönnum sínum reglulega grein fyrir gangi viðræðnanna og fá hjá þeim tillögur um næstu skref. Fulltrúar Íslands sækja ekki þessa fundi ráðgjafarnefndarinnar en fá hins vegar frá henni upplýsingar um gang viðræðnanna auk þess sem um þær er fjallað á fundum fastaráðs Atlantshafsbandalagsins.

#### **Varnarmáladeild.**

Starfsemi þessarar deildar ráðuneytisins var með svipuðum hætti og verið hefur. Bygginga- og skipulagsmál á varnarsvæðunum hafa gjarnan verið ofarlega á baugi í almennum umræðum og var sú breyting gerð á tilhögun þessara mála á árinu, að skipuð var sérstök nefnd er fara skal, undir yfirstjórn ráðuneytisins, með skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna samkvæmt reglugerð nr. 75, frá 15. mars 1982.

Önnur reglugerð var gefin út á árinu er varðar varnarsvæðin, þ. e. reglugerð nr. 76 frá 18. mars 1982 um vegabréf á Keflavíkurflugvelli.

Ágæt samvinna var milli varnarliðsins og ráðuneytisins um ýmis mál og einnig má geta um framkvæmd samkomulagsatriða um eflingu samvinnu milli varnarliðsins, íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnar. Var m. a. gengið frá nýrri hópslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll á árinu.

Samið var um nýjar framkvæmdir á þessu ári, sem áætlað er að kosti u. þ. b. 8.8 milljónir Bandaríkjadala. Samþykktar framkvæmdir frá fyrri árum, sem enn hafa ekki verið unnar, nema u. þ. b. 29 milljónum Bandaríkjadala, en óvíst er hversu mikið af því fé verður notað á yfirstandandi ári og hvort sumar hinna samþykktu framkvæmda koma til í reynd.

Samtals störfuðu 2119 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót, þar af 992 hjá varnarliðinu.

Heildarvelta fríhafnarinnar nam 112 milljónum króna og voru skil í ríkissjóð 39 milljónir kr. Aukning á veltu var 85% miðað við árið 1981.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna á árinu 1982 voru, án söluskatts, 19,7 milljónir króna. Rekstrarhagnaður varð röskar 5,3 milljónir og var af honum skilað í ríkissjóð 4,1 milljón króna. Álagður söluskattur nam tæpum 3,9 milljónum og samtals var því skilað í ríkissjóð tæpum 8 milljónum króna. Álögð opinber gjöld voru 408 þúsundir króna.

Farþegar er komu til Keflavíkurflugvallar voru samtals 152.411. Frá landinu fóru 150.887 og viðkomufarþegar voru 169.489. Heildarfarþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll var þannig 472.787 og er um að ræða 9,5% fjölgun farþega miðað við árið 1981. Heildartekjur flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli voru á árinu 1982 10.8 milljónir króna, þar af voru landingargjöld um 8.7 milljónir króna.

Reksturskostnaður lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 23.6 milljónum króna, en heildarinnheimta á vegum embættisins nam 38.5 milljónum króna og innheimtust um 99,5% af því, sem til innheimtu kom.

Verkefni varnarmáladeildar eru svo margháttuð og eðli málsins samkvæmt svo breytileg, að þau verða ekki tæmandi talin hér. Þau snerta öll stjórnsýslusvið og framkvæmd alla á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

Umræður um öryggishagsmuni og varnarþörf landsins hafa farið vaxandi á undanförmum árum og er það vel. Höfuðsjónarmið okkar í öryggismálum hlýtur að vera það, að liðsveitir Bandaríkjanna eru fyrst og síðast hér til varnar og eftirlitsstarfa í þágu okkar sjálfra og þá að sjálfsögðu jafnframt þeirra þjóða sem við erum í varnarbandalagi með.

## V. Hafréttarmál.

Einn veigamesti málaflokkurinn, sem utanríkisþjónustan hefur fengist við á undanförmum áratugum, eru hafréttarmál í víðasta skilningi, þar með talin ýmis mál, sem tengst hafa útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Við fögnum því nú, að mikill meirihluti þjóða heims hefur samþykkt alþjóðlegan hafréttarsáttmála, sem tryggir okkur full yfirráð yfir fiskistofnunum innan 200 sjómílna frá grunnlínunum, 200 sjómílna efnahagslögsögu og landgrunnsréttindi á jafnvel enn stærra svæði.

Þótt 200 sjómílna lögsaga sé nú orðin óumdeild eigum við Íslendingar enn eftir að útkljá ýmis mál, sem varða afmörkun bæði efnahagslögsögu og landgrunns gagnvart nágrannaríkjum okkar, semja við þau um verndun og nýtingu sameiginlegra fiskistofna og stofna sem tímabundið fara um lögsögu fleiri ríkja o. s. frv. Sum þessara mála þarf að semja um sem fyrst, önnur mega bíða endanlegrar úrlausnar um sinn og enn önnur þarf að semja um á hverju ári eða jafnvel oftár. Þess vegna fer því fjarri að við sjáum nú fyrir endann á störfum utanríkisþjónustunnar að hafréttarmálum þótt mikilvægustu markmiðunum hafi verið náð.

### Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Hafréttarsáttmálinn var samþykktur á 11. fundi ráðstefnunnar í New York hinn 30. apríl 1982 með 130 atkvæðum gegn 4, 17 sátu hjá og 2 tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Boðað var til lokafundar í Montego Bay á Jamaica dagana 6.—10. desember 1982 og var sáttmálinn undirritaður þar hinn 10. desember 1982 af 119 aðilum, þ. á m. Íslandi. Nokkur iðnþróuð ríki, þ. á m. Bandaríkin, voru andvíg ákvæðum sáttmálans varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið og undirrituðu ekki. Sáttmálinn mun liggja frammi til undirritunar til 9. desember 1984. Hann gengur í gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann eða gerst aðilar.

Sáttmálinn er í 320 greinum og 9 fylgiskjölum og fjallar um hin ýmsu atriði hafréttarins. Með undirritun hans eru mörkuð tímamót í sögu hafréttarmála. Ákvæði hans staðfesta meginreglur um 12 sjómílna landhelgi, 200 sjómílna efnahagslögsögu og enn víðtækari yfirlit yfir landgrunni strandríkja. Má því segja, að þau sjónarmið, sem Íslendingar hafa barist fyrir í rúm 30 ár, hafi nú hlotið algera viðurkenningu á alþjóðavettvangi. Íslenska þjóðin hefur með sáttmálanum fengið örugga stoð í alþjóðalögum fyrir verndun og hagnýtingu þeirrar auðlindar, sem afkoma þjóðarinnar byggist á. Vonandi ber þjóðin gæfu til að gæta vel fengins fjár.

Hafréttarsáttmálinn verður lagður fyrir Alþingi til fullgildingar svo fljótt sem tók eru á. Er nú unnið að þýðingu sáttmálans á íslensku.

#### **Hafsbotnsmálefni.**

Svo sem ég tók fram í skýrslu minni um utanríkismál á síðastliðnu ári óskuðum við eftir viðræðum við Breta, Færeyinga og Íra um afmörkun hafsbotnssvæða milli þeirra landa og Íslands. Þau mál eru enn á byrjunarstigi, en verður fylgt eftir af Íslands hálfu. Utanríkis-málanefnd hefur rætt þau sjónarmið, sem þar koma til greina, svo og afmörkun landgrunnins við Reykjaneshrygg. Öll þessi mál eru til athugunar í ljósi hins nýja hafréttarsáttmála.

#### **Loðnuveiðibann.**

Á árunum 1980 og 1981 voru gerðar ítrekaðar tilraunir til að ná samningum við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskverndar- og fiskveiðimál vegna sameiginlegra hagsmuna á hafsvæðunum milli Íslands og Grænlands. Á síðasta samningafundi þessara aðila í júlí 1981 náðist bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammisamnings um samstarf, en endanlegt samþykki á þeim texta var háð samkomulagi um kvóta á helstu fisktegundum, loðnu, karfa og rækju og skiptingu kvótans. Svo mikið bar á milli í þeim málum, að frekari viðræðum var frestað um óákveðinn tíma og hafa þær ekki verið teknar upp aftur.

Snemma árs 1982 óskuðu Norðmenn eftir því að þríhliða viðræður Noregs, Íslands og EBE f. h. Grænlands yrðu teknar upp til þess að reyna að ná samkomulagi um heildaraflamagn úr loðnustofninum og skiptingu þess. Þegar að því kom að viðræður hæfust í júní 1982 lágu fyrir skýrslur fiskifræðinga um hrun loðnustofnsins og að stærð hans væri aðeins u. þ. b. 190 þúsund lestir. Var því af hálfu Íslands lögð höfuðáhersla á samkomulag um algert bann við loðnuveiðum þar til mælingar sýndu að stofninn hefði náð þeirri lágmarksstærð, sem fiskifræðingar teldu nauðsynlega, eða a. m. k. 400 000 lestum. Þessar kröfur náðust fram á fundi aðila í Osló hinn 13. og 14. júlí 1982. Jafnframt voru sett í samkomulagið ákvæði um skipti á veiðiheimildum á kolmunna, ef til loðnuveiða kæmi á vertíðinni 1982/83, meira þó til EBE en Íslands og Noregs, þar eð með þessu samkomulagi afsalaði EBE sér öllum möguleika á veiðum úr þessum árgangi, meðan vetrarmælingar gátu gefið Íslendingum tækifæri til einhverra veiða og Jan Mayen samkomulagið gat bætt Norðmönnum upp einhliða íslenskar veiðar. Erindaskipti fóru einnig fram við Færeyinga til þess að tryggja að þeir nýttu sér ekki þegar gerðan samning við EBE um 10 000 tonna loðnuveiði við Grænland. Án þessa samnings hefðu Norðmenn varla treyst sér til að framfylgja banni gagnvart norskum fiskimönnum á sama tíma og skip frá EBE-ríkjum og Færeyjum stunduðu veiðar og kynnu sumarveiðar þessara aðila þá að hafa eytt verulegum hluta þess litla stofns sem eftir var.



### **Grænland og EBE.**

Ég hef áður greint nokkuð frá samningum Grænlands við EBE vegna ákvörðunar grænlesku heimastjórnarinnar um úrsögn úr EBE. Þessir samningar virðast ganga nokkru hægar en við var búist og má ætla að það dragist fram til 1985 að grænlesk fiskimið komist undir grænleska stjórn. Þar til svo verður fer Efnahagsbandalagið með samningsgerð um fiskveiðar og verndaraðgerðir við austur-Grænland, þ. á m. varðandi loðnustofninn.

### **Veiðar annarra þjóða við Ísland.**

Belgar hafa heimild til veiða hér við land skv. samningi frá 1975 eins og honum var breytt 10. júní 1981. Árskvóti belgísku skipanna er 4 400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera herra en 25%.

Færeyingar hafa heimild til veiða hér við land skv. samningi frá 1976 með breytingum frá 1979 og 1981. Árskvóti af botnfiski er 17 000 lestir og þar af má þorskafli ekki fara yfir 6 000 lestir. Á undanförunum árum hefur auk þessa verið samið í upphafi hvers árs um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna, allt að 20 000 lestum. Um þessar mundir er verið að ganga frá endurnýjun sams konar veiðiheimilda fyrir árið 1983, að þessu sinni allt að 30 000 lestum.

Loks hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland, allt að 2 000 lestum, þó þannig að þorskafli má ekki fara fram úr 15% í hverri veiðiferð. Á sl. ári var einnig gerður samningur við Noreg, um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna við Ísland og Noreg, allt að 20 000 lestum á árinu 1982. Til athugunar er, hvort slíkur samningur verði aftur gerður fyrir árið 1983.

## **VI. Þróunarsamvinna.**

Öllum er kunnugt það markmið sem Íslendingar hafa sett sér að framlög til þróunarsamvinnu verði 1% af þjóðarframleiðslu, þ. e. framlög hins opinbera 0.7% en frjáls framlög einstaklinga, samtaka og fyrirtækja 0.3%. Þetta markmið er byggt á stefnu velmegunarríkja Sameinuðu þjóðanna sem fyrst ályktuðu á þessa lund fyrir nálægt 20 árum. Það var tekið upp í fyrstu löggjöf hérlendis um þróunarsamvinna, l. nr. 20/1971, og áréttað í núgildandi lögum nr. 43/1981.

Það er hinsvegar skemmst frá því að segja, að alltof hægt hefur gengið að þoka fjárframlögum þessum í áttina að hinu setta marki, þótt skilningur hafi vaxið á nauðsyn þess. Á árinu 1980, þegar keypt var notað skip til fiskveiðiaðstoðar, að vísu fyrir lánsfé að hluta, og á sl. ári er framlög jukust meira en áður má segja að svolítið hafi rofað til og vonir vaknað um markvísan vöxt. En við gerð fjárlaga fyrir sl. áramót brustu þær vonir er samdráttur varð í framlögum hlutfallslega. Samkvæmt útreikningi miðuðum við nýjustu tölur um þjóðarframleiðslu námu heildarframlög Íslands til þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi árið 1982 0,077% en eru á þessu ári áætluð 0,062% (sjá töflu aftast); ef dregin væru frá sérstök framlög til móttöku pólskra flóttamanna og kaupa á íslenskum landbúnaðarvörum vegna Pólverja og Líbana sem hvorugir teljast í hópi þróunarþjóða, næmu framlögin umrædd ár 0.069% og 0.058%. — Þess má geta til samanburðar að þrjú Norðurlandanna, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafa fyrir nokkrum árum náð áðurnefndu 0.7% marki og hið fjórða, Finnland, sem fyrir 12 árum var í sömu sporum og við Íslendingar nú, hefur ráðgert að leggja fram 0.37% af þjóðarframleiðslu þessa árs, u. þ. b. sexfalt meira en Íslendingar hlutfallslega, og stefnir að því að ná 0.7% markinu síðar á þessum áratug. Það þyrfti Ísland að gera líka, ef efnahagsáföll, sem sett hafa strik í reikninginn nú, verða ekki varanleg.

Með tilkomu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) sem hóf fastan rekstur á sl. ári hefur skapast mun betri aðstaða en áður til undirbúnings og framkvæmdar þróunarverkefna.

Um tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands og einstakra þróunarríkja að undanfögnu, eða verkefni sem nú eru á döfinni, er þetta helst að segja:

Fiskveiðiverkefnið á **Cabo Verde**, stærsta verkefni, sem ráðist hefur verið í til þessa, hófst sumarið 1980. Nýr rammasamningur var gerður í nóvember 1981 og gildir hann til ársloka 1985. Tveir Íslendingar, Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, og dr. Jakob Magnússon, fiskifræðingur sóttu í júlí sl. í Praia ráðstefnu ríkja og stofnana sem stutt hafa að þróun og framförum á Cabo Verde og styrkti sú yfirsýn grundvöll íslensku þróunaraðstoðarinnar þar. Unnið hefur verið undanfarið ár við margvíslegan undirbúning að smíði sérhannaðs fiskiskips, sem stendur yfir hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri og á að ljúka síðla næsta sumar. Standa vonir til að þetta geti orðið upphaf að smíði fleiri skipa fyrir þróunarlönd þar sem nýtt verði íslensk tækniþekking og reynsla. Samin hefur verið í höfuðdráttum áætlun um framkvæmd verkefnisins þegar nýr áfangi þess hefst með tilkomu skipsins og ráðning og þjálfun 3—4 starfsmanna verkefnisins er í undirbúningi. Ungur vélstjóri frá Cabo Verde, sem var í áhöfn R/S Bjarts á reynslutíma verkefnisins, er nú u. þ. b. að ljúka framhaldsnámi við Vélskóla Íslands með góðum árangri. Einn Íslendingur, Egill Bjarnason rafvirki, dvaldist í Mindelo mestan hluta sl. árs m. a. við eflingu viðgerðarþjónustu fyrir skip sem heimamenn hafa mikinn áhuga á að koma upp. Leiðbeint hefur verið um uppbyggingu fiskirannsóknna, bóka- og tækjakost.

Þrír Íslendingar eiga kost á styrk frá Norrænu Afríkustofnuninni til mannfræðirannsóknna á Cabo Verde. Í athugun er aðstoð á heilbrigðisviði sem m. a. Rauði kross Íslands hefur látið í ljósi áhuga á.

Fiskveiðiverkefninu í **Kenya** sem hófst 1978 lauk í júlílok sl. Leiðbeiningar- og fræðslustörf Baldvins Gíslasonar, skipstjóra, sem þarlendir fiskimenn nutu, mæltust mjög vel fyrir hjá stjórnvöldum landsins en fiskirannsóknir ýmissa aðila hafa sýnt að möguleikar Kenya-manna til fiskveiða í sjó eru minni en búist var við. Var því ákveðið að framlengja ekki verkefnið a. m. k. að svo stöddu. Hinsvegar var fallist á beiðni kenískra stjórnvalda um tækniaðstoð til að vinna bug á mengun við kísilgúrframleiðslu. Tveir íslenskir sérfræðingar frá Vinnueftirliti ríkisins munu á næstunni dveljast þar í 4 vikur við mælingar og leiðbeiningarstörf.

Jarðhitánytingarmöguleikar í **Burundi** voru kannaðir af tveimur sérfræðingum frá Orkustofnun um 2 vikna skeið sl. haust og er skýrsla í undirbúningi.

Vatnsöflun fyrir kennslumiðstöð í **Gambíu** er verkefni sem Sjöunda dags Aðventistar hérlendis hafa undirbúið þátttöku í. Var þeim veittur fjárstyrkur til þessa verkefnis gegn móttframlagi. Jafnframt var mörkuð sú stefna að veita félagasamtökum styrki eftir því sem fjárveitingar leyfa til þess að örva og stuðla að því að sjálfbodaliðastarf og söfnunarfé á þeirra vegum nýtist til þróunarverkefna.

Ýmsar beiðnir um þróunarsamvinnu hafa verið eða eru til athagnar, m. a. frá Mauritius, Sri Lanka, Eþíópíu, og S-Yemen á sviði fiskveiða, en þar sem fé er svo takmarkað getur það ekki dreifst að ráði. Sum áðurnefndra ríkja og fleiri hafa látið í ljós áhuga á sameiginlegum útgerðarrekstri ekki síður en beinni þróunaraðstoð.

Norrænu þróunarverkefnin til eflingar samvinnurekstri í Kenya og Tansaníu og landbúnaðar í Tansaníu og Mósambík hafa haldið áfram svipað og áður. Voru fyrir skemmstu tveir Íslendingar ráðnir til starfa í Tansaníu en nokkrir eru nú við störf í Kenya. Einnig er áfram á vegum Norðurlandanna í samvinnu við Menningarmálastofnun S.þj. (UNESCO) unnið að eflingu fjölmiðlunar í Afríkuríkjum.

Fyrir fjórum árum hófst hér samstarf Orkustofnunar og Háskóla Sameinuðu þjóðanna um rekstur jarðhitaskóla sem dr. Ingvar Birgir Friðleifsson hefur veitt forstöðu. Fyrirsjáan-

legt er að fjármögnun þessa starfs muni í vaxandi mæli lenda á herðum Íslendinga, en hér er um að ræða mikilsvert framlag af Íslands hálfu sem ég tel að ekki megi falla niður meðan þróunarlöndin telja þess svo mikla þörf sem nú. Árið 1982 voru 7 styrkþegar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í 6 mánaða þjálfun. Þeir komu frá Indónesíu (2), Kenya (3) og Filippseyjum (2). Búist er við 8 styrkþegum til 6 mánaða námsdvalar árið 1983 frá Eþíópíu (2), Filippseyjum (2), Indónesíu (2) og Kína (2). Frá því Jarðhitaskóli HSP hóf starfsemi sína 1979 hafa 22 styrkþegar frá orkustofnunum 8 landa í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku hlotið hér 6—8 mánaða þjálfun og 8 styrkþegar frá 3 löndum hafa verið hér í skemmri kynnisferðum. Margir af styrkþegunum eru nú þegar í fararbroddi í rannsóknum og nýtingu jarðhita í sínum þjóðlöndum. Beiðnir koma frá fjölmörgum löndum í þriðja heiminum um þjálfun sérfræðinga í Jarðhitaskólanum, en aðeins er unnt að sinna hluta af beiðnunum. Íslenskir jarðhitasérfræðingar hafa farið til 12 þróunarlanda sem ráðgjafar á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Um stuðning Íslands við þróunarstarfsemi á vegum hinna ýmsu alþjóðastofnana vísast til yfirlitsins um framlög aftast í skýrslu þessari.

Þær upplýsingar sem frá þróunarríkjunum berast sýna að ekkert lát má verða á viðleitni þeirra sem við velmegun búa að auka stuðning sinn við þau.

## VII. Utanríkisviðskipti.

Eins og að undanfögnu annaðist viðskiptaráðuneytið í samvinnu við sendiráðin framkvæmd utanríkisviðskipta. Á það skal lögð rík áhersla, að þessi málaflokkur er veigamikill þáttur í starfi allra sendiráða okkar. Til þeirra allra berst fjöldi fyrirspurna um ýmis viðskiptamál. Þá eiga þau einnig þátt í að aðstoða útflytjendur og umboðsmenn þeirra við vörukynningar. Segja má, að viðskiptamál séu höfuðviðfangsefni sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar í Genf, sendiráðsins hjá Evrópubandalaginu í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og aðalræðisskrifstofunnar í New York. Frá 1978—1981 starfaði sérstakur viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París, en frá vori 1982 hefur verið viðskiptafulltrúi við sendiráðið í London, m. a. vegna skreiðarsölu til Nígeríu, sem er eitt af umdæmislöndum sendiherrans í London.

Hér á eftir fer skýrsla viðskiptaráðuneytisins um þróun utanríkisviðskipta árið 1982.

### Utanríkisviðskiptin 1982.

Með yfirliti þessu verður leitast við að lýsa þróun utanríkisviðskiptanna árið 1982 og helstu atriðum, sem hafa haft áhrif á þau.

Erfitt ástand efnahagsmála víða um heim hafði veruleg áhrif á utanríkisviðskiptin árið 1982. Sérstaklega bitnaði það á sölu á áli og járnblendi og ennfremur óbeint á sölu skreiðar til Nígeríu. Vöruskiptajöfnuðurinn varð afar óhagstæður á síðasta ári. Stafar það að mestu leyti af miklum samdrætti í útflutningi og var verðmæti útflutnings reiknað í dollurum 25% lægra en árið áður. Ástæður fyrir þessum samdrætti eru aðallega tvennskonar. Í fyrsta lagi tók af eðlilegum ástæðum fyrir sölu á loðnuafurðum vegna loðnuveiðibanns og í öðru lagi lokaðist skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu snemma á árinu og olli það mikilli birgðasöfnun á skreið hér á landi.

Verðmæti innflutnings reiknað í dollurum lækkaði um 4% miðað við árið áður. Á fyrra helmingi ársins varð veruleg aukning á innflutningi en síðan dró úr honum síðari helming ársins og gætti þar einkum áhrifa gengisbreytinga. Vöruskiptajöfnuður varð óhagstæður um 1 900 millj. króna en hafði verið óhagstæður um rúmlega 300 millj. króna árið áður og er þá

miðað við meðalgengi ársins 1982. Er þá bæði útflutningur og innflutningur reiknaður á FOB-verði. Við þennan samanburð er þó það að athuga að verðmæti útflutningsvörubirgða var í árslok 1982 nálægt 1 000 millj. króna hærra en árið áður vegna mikilla skreiðarbirgða, en einnig vegna aukinna álbirgða.

Seðlabankinn hefur áætlað að þjónustujöfnuður hafi verið óhagstæður um 1 500—1 600 millj. króna en var óhagstæður um 1 300 millj. króna árið 1981. Stafar þessi mismunur af auknum vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Viðskiptajöfnuðurinn varð því óhagstæður um 3 500 millj. króna árið 1982 og er það um 11% af þjóðarframleiðslu, en var 5% reiknaður á sama hátt árið áður. Hefur hallinn á viðskiptajöfnuði ekki verið svona hár síðan 1974 og 1975. Fjármagnsjöfnuður var jákvæður um nálægt 2 300 millj. króna, en að öðru leyti kom greiðsluhallinn fram í verri gjaldeyrisstöðu bankanna.

Viðskiptakjörin eru talin munu rýrna um 2% samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar. Stafar þessi rýrnun af lækkun útflutningsverðs í erlendri mynt og því að innflutningsverð hefur staðið í stað og jafnvel hækkað ef olíuinnflutningur er undanskilinn.

Árið 1982 voru sjávarafurðir um 76% af heildarútflutningnum og voru fryst fiskflök eins og áður stærsta útflutningsvaran og var útflutningsverðmæti þeirra um 31% af heildarútflutningnum. Útflutningur freðfiskflaka minnkaði um rúmlega 5 000 tonn og voru samtals flutt út um 98 000 tonn. Þessi samdráttur stafar að mestu af minnkun þorskafla. Bandaríkin voru stærsti markaðurinn fyrir freðfiskflök og var útflutningur þangað nálægt 58 000 tonn á móti 61 000 tonnum árið áður. Útflutningur til EBE var 22 000 tonn árið 1982 á móti 26 000 tonnum árið áður og til Sovétríkjanna 17 300 tonn á móti 16 300 tonnum árið 1981.

Útflutningur á blautverkuðum saltfiski nam 55 000 tonnum árið 1982 sem er nær alveg sama magn og árið áður. Hins vegar varð aukning á útflutningi á þurrkuðum saltfiski, sem stafar af aukinni sölu til Frakklands. Er það nú orðið stærsti markaðurinn fyrir þurrkaðan saltfisk. Langstærsti markaðurinn fyrir blautsaltaðan saltfisk er Portúgal og voru flutt út þangað nær 37 000 tonn árið 1982, en það er örlítið minna magn en árið áður. Ástæða er til að vekja athygli á mikilvægi Portúgalsmarkaðar, en árið 1982 nam útflutningur þangað 11.8% af heildarútflutningi.

Í maí fóru fram viðræður milli Íslendinga og Portúgala um viðskipti landanna. Af Íslands hálfu var lögð áhersla á áframhaldandi saltfisksölu til Portúgals og að fríverslun og niðurfelling tolla á saltfiski héldist eftir aðild Portúgals að Efnahagsbandalaginu. Portúgalir lögðu áherslu á aukin kaup Íslendinga á portúgólskum vörum til að draga úr viðskiptahalla sínum. Sú viðleitni stjórnvalda og innflytjenda undanfarin ár að auka kaup frá Portúgal hefur borið verulegan árangur, sérstaklega varðandi kaup á olíuvörum. Er ástæða til að halda þessu áfram því gera má ráð fyrir að það stuðli að áframhaldandi saltfisksölu á hinn þýðingarmikla markað í Portúgal.

Það sem mestum erfiðleikum hefur valdið í útflutningi sjávarafurða er lokun skreiðar-markaðarins í Nígeríu. Vegna efnahagserfiðleika í Nígeríu, sem stafa af minnkandi olíuframleiðslu og samdrætti í gjaldeyristekjum var tekið upp innflutningsleyfakerfi fyrir fjölmarga vöruflokka þar á meðal skreið. Lítið af leyfum hefur verið veitt fyrir innflutningi á skreið á árinu 1982 og hefur því orðið nær alger stöðvun á útflutningi. Árið 1981 þegar markaðurinn fyrir skreið í Nígeríu hélt frjálts og opinn seldu Íslendingar um 18 000 tonn af skreið til Nígeríu og Nígería var þriðja stærsta viðskiptaland Íslendinga.

Í sambandi við ráðherrafund GATT í nóvember s. l. átti Tómas Árnason, viðskipta-ráðherra, viðræður við starfsbróður sinn frá Nígeríu um skreiðarmálin og afhenti honum greinargerð varðandi þau. Kom fram hjá viðskiptaráðherra Nígeríu að innflutningshöftin væru tímabundin ráðstöfun til að efla gjaldeyrisjóð landsins. Árangur hefði verið góður og Nígería getað safnað nokkrum gjaldeyrisjóði. Benti ráðherrann á að kosningar færu fram í

Nígeríu árið 1983 og væri því áriðandi að hafa næga skreið á boðstólum. Taldi ráðherrann að ástandið hefði batnað og að hann væri bjartsýnn á áframhaldandi skreiðarinnflutning.

Nokkrum sinnum hefur verið athugað með kaup á hráolíu frá Nígeríu til hreinsunar, ef það mætti verða til að liðka til fyrir skreiðarsölu. Enginn árangur hefur orðið af þessum athugunum þar sem Nígeríumenn hafa ekki viljað samþykkja sölu á olíu í skiptum fyrir skreið.

Vegna loðnuveiðibanns varð mikill samdráttur í útflutningi á mjöli og lýsi. Verð á fiskimjöli fór lækkandi á árinu 1982 og sölutregða gerði vart við sig um mitt árið, en seinni hluta ársins rættist úr solumálum og verð hækkaði. Voru birgðir eðlilegar í lok ársins. Erfiðleikar sköpuðust við sölu saltaðra grásleppuhrogna vegna birgða frá árinu 1981 og varð að lækka verðið til að hægt væri að selja framleiðsluna, en verðið hækkaði aftur þegar ljóst varð að framleiðslan yrði lítil.

Útflutningur iðnaðarvara var um 22% af heildarútflutningi, þar af útflutningur á áli rúmlega 9%. Álútflutningur minnkaði lítillega árið 1982 og birgðir jukust. Verðlag fór einnig lækkandi á árinu. Þessu ollu efnahagserfiðleikar í markaðslöndunum, sem hafði í för með sér sölutregðu. Sala á kísiljárnri og kísilgúr jókst hins vegar talsvert. Útflutningur ullarvöru minnkaði árið 1982 borið saman við fyrri ár. Efnahagserfiðleikar í markaðslöndunum hafa án efa haft þar mest áhrif. Sérstaklega er áberandi samdráttur í útflutningi til Þýskalands, sem hefur verið eitt helsta markaðslandið, og einnig varð mikill samdráttur í útflutningi til Kanada. Útflutningur á lagmeti gekk vel og jókst mikið, einkum vegna aukinnar sölu til Þýskalands og Bandaríkjanna.

Útflutningur á landbúnaðarvörum var um 1.2% af heildarútflutningnum, sem er aðeins lægra hlutfall en árið 1981. Þrátt fyrir óvissu um tíma tókst að selja allar umframbirgðir af kindakjöti. Ostaframleiðslan nægði ekki til að uppfylla innflutningskvóta Íslands í Bandaríkjunum.

Hlutfallslegar breytingar á útflutningi eftir markaðssvæðum urðu talsverðar á árinu eins og eftirfarandi yfirlit sýnir, sem m. a. stafar af því hve skreiðarútflutningur til Nígeríu minnkaði mikið á árinu.

	1981	1982
EFTA-lönd .....	17.7	19.1
EBE-lönd .....	31.2	32.7
A-Evrópa .....	7.9	8.4
Bandaríkin .....	20.8	25.8
Önnur lönd .....	22.3	14.0

Vegna aðildarinnar að EFTA og fríverslunarsamningsins við EBE njóta íslenskar útflutningsvörur mikilvægra tollfríðinda í 17 ríkjum V-Evrópu. Árið 1982 var verðmæti útfluttra sjávarafurða til EBE-ríkjanna sem tollalækkana njóta 1.390 millj. króna og samkvæmt lauslegum útreikningum námu tollaívilnanir vegna þessa útflutnings 175 millj. króna. Útflutningur iðnaðarvara sem tollaívilnana njóta var að verðmæti um 791 millj. króna og tollaívilnanir um 67 millj. króna. Samtals eru þessar tollaívilnanir 242 millj. króna. Þýðingarmestu tollalækkarnir eru á frystum fiskflökum, ísfiski, rækju og lagmeti. Helstu tollaívilnanir á iðnaðarvörum eru á áli, ullarvörum og kísiljárnri. Útflutningur til EFTA-ríkjanna var að verðmæti um 1.617 millj. króna og eru tollaívilnanir vegna þeirra viðskipta lauslega áætlaðar 57 millj. króna og munar þar mestu um tollaívilnanir á áli og ullarvörum. Hafa þessi tollfríðindi haft í för með sér aukin viðskipti og hagstæðara verð. Í því sambandi má nefna mikla aukningu á útflutningi á frystum fiskflökum til EBE-ríkjanna síðan 1976.

Ísland gegndi formennsku í EFTA-ráðinu síðari helming ársins 1982 og stjórnaði Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, ráðherrafundi EFTA, sem haldinn var í nóvember s. l. Hjá EFTA hafa umræður um opinbera styrki haldið áfram. Árið 1981 skilaði nefnd viðskiptasér-

fræðinga innan EFTA skýrslu til EFTA-ráðsins og var sú skýrsla endurskoðuð á síðasta ári. Þó um sé að ræða margvíslegar styrktaraðgerðir í aðildarríkjunum er ekki talið að þær brjóti í bága við stofnsamning EFTA. Opinberar styrktaraðgerðir verða áfram til athugunar hjá EFTA.

Innborgunargjald á innflutt húsgögn og innréttingar féll niður í árslok 1982, eins og gert var ráð fyrir. Samþykkti EFTA-ráðið innborgunarskylduna, enda var um tímabundna aðgerð að ræða. Sérstöku húsgagnaverkefni til eflingar húsgagnaiðnaðinum lauk á árinu og tókst vel. Framleiðni hjá þeim fyrirtækjum, sem þátt tóku í verkefninu, jókst mikið. Skýrsla um framkvæmd innborgunarskyldunnar og húsgagnaverkefnið var gefin til EFTA-ráðsins í samræmi við óskir þess. Tímabundið innborgunargjald á sælgæti og kex átti að falla niður í mars 1982. Að ósk viðskiptaráðuneytisins féllst EFTA-ráðið á að það yrði framlengt og féll niður í áföngum á 12 mánuðum. Lokaáfangi niðurfellingar gjaldsins er 1. mars 1983. Sérstök skýrsla var send EFTA-ráðinu um hagræðingaraðgerðir í sælgætisiðnaðinum og um þróun viðskiptanna.

Fundir í sameiginlegri nefnd Íslands og EBE eru haldnir tvisvar á ári og er þar fjallað um framkvæmd fríverslunarsamningsins. Á þeim fundum hefur verið lögð áhersla á það af Íslands hálfu að staða saltfisksölu til Spánar og Portúgals héldist óbreytt frá því sem nú er eftir að þessi lönd verða orðin aðilar að EBE. Einnig hefur verið lögð áhersla á frjáls viðskipti með saltsíld og söltuð ufsaflök, en fríverslunarsamningurinn nær ekki til þessara vörutegunda. Tollar höfðu verið felldir niður eða lækkaðir af þessum vörum, en hafa nú verið hækkaðir.

Í tengslum við fund sameiginlegu nefndarinnar í nóvember var haldinn sérfræðingafundur vegna banns við innflutningi fiskiskipa. Eftir að fiskiskip voru tekin af frílista og síðar innflutningsbann kvartaði EBE og taldi þessar aðgerðir brjóta í bága við fríverslunarsamninginn. Af Íslands hálfu var á það bent að hér væri ekki um venjulega viðskiptahindrun að ræða heldur réðu fiskverndunarsjónarmið að gripid væri til þessara aðgerða. Mál þetta kom einnig til kasta EFTA-ráðsins og var haldið fram sömu sjónarmiðum. EFTA-ráðið samþykkti ekki aðgerðina en lét skýringar Íslendinga duga.

Ráðherrafundur GATT var haldinn í nóvember, en slíkur fundur var síðast haldinn árið 1973, en þá hófust svokallaðar Tokýoviðræður. Þar voru efst á baugi í umræðum ráðherra þeir erfiðleikar sem alþjóðaviðskipti eiga við að etja um þessar mundir og þær leiðir sem færar eru til að bæta ástandið. Lýstu ráðherrarnir yfir stuðningi við alþjóðlegt viðskiptakerfi sem grundvallað er á GATT, hinu alþjóðlega samkomulagi um tolla og viðskipti. Var í lok fundarins samþykkt allviðamikil yfirlýsing, þar sem mótuð er stefna í starfi þessa samstarfs á næstu árum.

87 ríki eiga nú fulla aðild að GATT-samkomulaginu, en alls sótti 61 ráðherra fundinn. Meðal þeirra var Tómas Árnason, viðskiptaráðherra.

Viðskiptin við A-Evrópu voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Útflutningur til þessara landa var 8.4% af heildarútflutningnum. Samdráttur varð í útflutningi til allra ríkja A-Evrópu, nema til Sovétríkjanna. Efnahagserfiðleikar í þessum löndum eiga stærstan þátt í samdrættinum. Einnig var skortur á mjöli hér á landi, en lönd eins og Pólland og Tékkóslóvakía hafa verið góðir markaðir fyrir mjöl héðan. Viðskiptin við Sovétríkin jukust og munar þar mestu um aukinn útflutning á freðfiski. Árið 1982 voru flutt út um 17.500 tonn af frystum fiskflökum til Sovétríkjanna og 5.600 tonn af heilfrystum fiski. Útflutningur á saltsíld var yfir 150.000 tonn og lagmeti um 60.000 kassar, aðallega gaffalbitar og þorsklifur. Þrátt fyrir mikinn útflutning til Sovétríkjanna á síðasta ári varð samt mikill halli á vöruskiptunum, einkum vegna kaupa á olíuvörum þaðan.

Seint á árinu 1982 var samið um sölu á freðfiski til Sovétríkjanna fyrir árið 1983 og var samningurinn um freðfiskflök 17.000 tonn og heilfrystan fisk 6.000 tonn, en það er 50%

aukning á heilfrystum fiski. Þá var samið um 160.000 tonn af saltsíld og lokið er samningi um 32.000 kassa af lagmeti. Þá hefur líka verið samið um mikið magn af ullarvörum.

Olíuviðskiptin við Sovétríkin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Samkvæmt olíukaupasamningi frá 11.9. 1981 voru flutt inn 76.000 tonn af bílabensíni, 117.000 tonn af gasolíu og 130.000 tonn af svartolíu á árinu 1982, en magn hennar lækkaði um 56.000 tonn frá fyrra ári. Hinn 22. október 1982 var síðan undirritaður í Moskvu olíukaupasamningur fyrir árið 1983, þar sem ákveðin eru kaup á 75.000 tonnum af bílabensíni, 100.000 tonnum af gasolíu og 145.000 tonnum af svartolíu.

Á síðasta ári var gerður samningur við Sovétríkin um efnahagssamvinnu. Samningur þessi gildir í 5 ár en framlengist sjálfkrafa ef honum er ekki sagt upp. Viðræðunefnd um framkvæmd viðskipta landanna er ætlað að fylgjast með samningnum og gera tillögur um framkvæmd hans. Með samningnum opnast möguleikar á að færa út svið viðskiptanna, þannig að þau geti náð yfir samvinnuverkefni í iðnaði, tækniráðgjöf o. fl. Samningur þessi er hliðstæður öðrum samningum sem tugir vestrænna þjóða hafa gert, þar á meðal öll aðildarríki NATO, nema Spánn.

Á árinu 1982 fóru fram viðskiptaviðræður við Pólland, Tékkóslóvakíu og Þýska alþýðulýðveldið. Viðskiptin við þessi lönd drógust mikið saman á síðasta ári vegna minnkandi útflutnings á hefðbundnum útflutningsvörum til þessara landa. Má þar nefna freðfisk og lagmeti til Tékkóslóvakíu og fiskimjöl og forsútaðar gærur til Póllands. Erfiðleikum hefur valdið að ekki hafa enn tekist samningar við Pólverja um sölu á forsútuðum gærum til afgreiðslu á árinu 1983. Er þetta sérstaklega bagalegt, þar sem Pólland hefur verið stærsti markaður fyrir íslenskar gærur. Mikil áhersla var lögð á það í viðskiptaviðræðum við Pólverja að þeir keyptu áfram svipað magn og undanfarin ár. Tóku Pólverjar jákvætt í málið. Á sérstökum fundi, sem gagngert var haldinn í Póllandi um þetta mál var lagt hart að Pólverjum, en án árangurs enn sem komið er.

### VIII. Utanríkisþjónustan.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar á undanförunni ári var með svipuðum hætti og áður.

Tekið var upp stjórnmalasamband við Kólumbíu, Nicaragua og Grenada að ósk þessara ríkja, en engin ákvörðun hefur enn verið tekin um að fela einhverjum sendiherra okkar fyrirvar gagnvart þessum ríkjum. Alls hefur Ísland nú formlegt stjórnmalasamband við 68 ríki og eru íslenskir sendiherrar skipaðir í 55 þeirra. Hagsmuna okkar hjá þessum þjóðum er gætt af tíu sendiherrum erlendis og þremur er starfa í ráðuneytinu í Reykjavík. Ólaunaðir kjöræðismenn Íslands eru u. þ. b. 200 víðs vegar um heim, þ. á m. í nokkrum löndum, sem enn hefur ekki verið tekið upp formlegt stjórnmalasamband við.

Ennfremur er vert að hafa í huga, að í rúm 15 ár hefur verið í gildi samkomulag milli Norðurlanda um gagnkvæma aðstoð í ræðismálefnum, þannig að fulltrúar einhvers hinna Norðurlandanna gæta hagsmuna þess eða þeirra, sem ekki hafa sendiráð eða ræðismann á þeim stað. Kemur það sér oft vel, ekki síst þegar slys ber að höndum eða eitthvað annað bjátar verulega á, þótt skyldur þessara aðila séu að sjálfsögðu verulega takmarkaðri en okkar eigin fulltrúa.

Í skýrslu minni í apríl 1980 gerði ég grein fyrir staðarvali fyrir sendiráð okkar og færði rök að því að þrátt fyrir staðsetningu þeirra á tiltölulega litlu svæði jarðar þá væru ekki frambærilegar ástæður til breytinga. Yfirgnæfandi meiri hluti utanríkisviðskipta okkar er við

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1976—1983 (í þús. kr.).

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983 <sup>1)</sup>
<b>A. Langtíma þróunaraðstoð</b>								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	129	160	176	280	364	521	3 600	4 788
2. Alþjóðafmárafarastofnunin (IDA)	439	800	604	1 404	1 404	2 760	3 660	3 660
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal		740	380	540	960		590	
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	125	251	400	710	6 022	5 757	9 007	13 641
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjárukning			900					
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild				332	456	661	1 045	2 650
<b>Alls</b>	<b>693</b>	<b>1 951</b>	<b>2 460</b>	<b>3 266</b>	<b>9 206</b>	<b>9 699</b>	<b>17 902</b>	<b>24 739</b>
<b>B. Önnur aðstoð<sup>2)</sup></b>								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	29	35	40	59	71	138	250	332
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	8	12	12	26	33	59	173	211
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	16	20	21	52	100	296	683	462
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflottamenn (UNRWA)	24	28	29	60	88	132	512	146
5. Flóttamannaráð Íslands	6	4	4	434	182	413	1 911 <sup>3)</sup>	108
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	2	2	6	10	16	29	45	38
7. Alþjóðanefnd Rauba Krossins	7	4	9	14	19	34	363	260
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	2	2	6	10	16	29	45	38
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)								
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna								
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)								
12. Sérstök matvælaaðstoð				3	12	31	164	90
							58	40
							1 150 <sup>4)</sup>	2 000 <sup>5)</sup>
<b>Alls</b>	<b>94</b>	<b>107</b>	<b>127</b>	<b>668</b>	<b>537</b>	<b>1 161</b>	<b>5 354</b>	<b>3 858</b>
<b>Þróunaraðstoð samtals</b>	<b>787</b>	<b>2 058</b>	<b>2 587</b>	<b>3 931</b>	<b>9 743</b>	<b>10 860</b>	<b>23 256</b>	<b>28 597</b>
	<b>0.030%</b>	<b>0.056%</b>	<b>0.045%</b>	<b>0.046%</b>	<b>0.073%</b>	<b>0.054%</b>	<b>0.077%</b>	<b>0.062%</b>
Hlutfall af þjóðarframléiðslu viðkomandi árs								

**Skýringar:**

- 1) Skv. fjárlögum.
  - 2) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.
  - 3) Þar af kr. 1 367 þús. vegna móttöku pólskra flóttamanna.
  - 4) Aðstoð við pólsku þjóðina.
  - 5) Matargjafir til Póllands og Lúbanons.
- Ath.: Í fjárlögum 1983 er heimild til hlutfjárúkaungingar í Alþjóðabankanum (IRBD) að fjárhæð 8 255 þús. kr. Ekki er ljóst hvernig ráðstofnun þess fjár verður. Er þetta framlag því ekki talið með í áætlun 1983.



Þessi eða nálæg lönd, samskiptin á sviði öryggismála og menningarmála sömuleiðis og flestir Íslendingar, sem dvelja erlendis við nám eða störf, eru búsettir í þessum löndum. Hagsmuna okkar í fjarlægari löndum er ýmist gætt af sendiráðum okkar eða sendiherrum með búsetu í Reykjavík og samstarf við þjóðir þriðja heimsins er rækt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, auk þess sem tvíhliða eða norræn þróunaraðstoð fer heldur vaxandi. Sendiráðum okkar hefur ekki verið fjölgað í þrettán ár. Kostnaður við rekstur hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu nemur um hálfum hundruðshluta af ríkisútgjöldum og hefur hlutdeild hennar fremur farið lökkandi með auknum ríkisumsvifum.

## EFNISYFIRLIT

I.	<b>Inngangur</b> .....	
II.	<b>Alþjóðamál</b> .....	
	Samskipti austurs og vesturs .....	
	Madridráðstefnan .....	
	Afvopnunarmál .....	
	Austurlönd nær .....	
	Sunnanverð Afríka .....	
III.	<b>Alþjóðastofnanir og svæðasamtök</b> .....	
	Sameinuðu þjóðirnar .....	
	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin .....	
	Alþjóðavinnumálastofnunin .....	
	Norðurlandasamvinna .....	
	Evrópuráðið .....	
IV.	<b>Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands</b> .....	
	Varnarmáladeild .....	
V.	<b>Hafréttarmál</b> .....	
	Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna .....	
	Hafsbotnsmálefni .....	
	Loðnuveiðibann .....	
	Grænland og EBE .....	
	Veiðar annarra þjóða við Ísland .....	
VI.	<b>Þróunarsamvinna</b> .....	
VII.	<b>Utanríkisviðskipti</b> .....	
	Utanríkisviðskiptin 1982 .....	
VIII.	<b>Utanríkisþjónustan</b> .....	